FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐ 21. ÁRGANGUR
fréttablaðið
FIMMTUDAGUR 17. JÚNÍ

AUGLÝSING

AFHJÚPAÐU
ÁFÖLL HENNAR
A NETFLIX SERIES
KATLA
STREAMING NOW
NETFLIX

FRÉTTABLAÐIÐ

118. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR

frettabladid.is

FIMMTUDAGUR 17. JÚNÍ 2021

Reykjavíkurborg er komin í hátíðarbúninginn í tilefni þjóðhátíðardags Íslendinga í dag. Eftir hógvær fagnaðarlæti síðasta árs má búast við að Íslendingar hópist saman og efni til fagnaðarláta í hinum ýmsu sveitarfélögum í dag. Veðurstofan býst við að það verði skýjað um land allt og gæti dropað á nokkrum stöðum og því er gott að hafa regnhlíf innan seilingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skerða fjársterka niður í milljón

Tilboð eignarhaldsfélaga og fjársterkra einstaklinga í útboði Íslandsbanka voru skert niður í eina milljón króna. Utanþingsviðskipti með bréf bankans áttu sér stað eftir að útboðinu lauk og var gengið í viðskiptunum 15 prósentum hærra en útboðsgengið.

hordur@frettabladid.is
thorsteinn@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Öll eignarhaldsfélög og fjársterkir einstaklingar, sem skráðu sig fyrir meira en 75 milljónum króna í hlutafjárútboði Íslandsbanka, fengu einungis úthlutun upp á eina milljón króna. Fréttablaðið hefur staðfestar upplýsingar um að úthlutunin hafi verið skert með þessum hætti.

Í nýafstöðnu hlutafjárútboði Íslandsbanka var níföld umframeftirspurn eftir bréfum bankans og því ljóst að skerða þurfti tilboð fjárfesta töluvert. Tilboð undir einni milljón króna voru hins vegar ekki skert.

Í tilboðsbók A, sem ætluð er almennum fjárfestum, var tekið við áskriftum að fjárhæð 50 þúsund til 75 milljóna króna, en áskriftir sem námu meira en 75 milljónum fóru í tilboðsbók B. Stórir einkafjárfestar, sem höfðu lagt fram tilboð í tilboðsbók B þurftu að sæta skerðingum niður í eina milljón, óháð því hversu hátt tilboðið var.

Lífeyrissjóðir, verðbréfasjóðir og tryggingafélög þurftu einnig að sæta töluverðum skerðingum, en fengu þó talsvert stærri skerf en einkafjárfestar og sömuleiðis gíraðir fjárfestingasjóðir.

Þá hefur Markaðurinn heimildir fyrir því að eftir að útboðinu lauk á hádegi í fyrradag hafi átt sér stað utanþingsviðskipti upp á hundruð milljóna króna, þar sem fjárfestar afsöluðu sér bréfum sem þeim var úthlutað í útboðinu. Gengi bréfanna í þessum viðskiptum var yfir 90 krónur á hlut, sem er um 15 prósentum hærra en útboðsgengið sem nam 79 krónum. Áætlað er að fyrsti dagur viðskipta með bréf í bankanum í Kauphöllinni verði 22. júní næstkomandi.

> Verðlagningin er líka hugsuð til þess að vekja áhuga og fá menn að borðinu, og mér finnst það hafa tekist vel.
>
> Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir í samtali við Fréttablaðið að ríkissjóður hafi fengið gott verð fyrir eignarhlutinn í Íslandsbanka en við verðlagninguna hafi einnig verið horft til þess að fá fjárfesta að borðinu.

„Það er útilokað að við hefðum fengið sama verð fyrir ári síðan," segir Bjarni, spurður hvort verðið hafi verið ásættanlegt fyrir ríkissjóð.

„Það er vandasamt verk að stilla verðbilið. Það var ákveðið eftir langt ferli og speglast í verði fjármálafyrirtækja innanlands sem erlendis. En verðlagningin er líka hugsuð til þess að vekja áhuga og fá menn að borðinu, og mér finnst það hafa tekist vel."

Fjöldi hluthafa eftir útboðið er um 24 þúsund talsins, sem er mesti fjöldi hluthafa allra skráðra fyrirtækja á Íslandi. ■ –SJÁ SÍÐU 12

Sjálfsvíg kvenna fleiri en áður

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Samkvæmt bráðabirgðatölum Embættis landlæknis fyrir árið 2020 frömdu fleiri konur sjálfsvíg á síðasta ári en á nokkru af þeim 25 árum sem tölfræði hefur verið haldið til haga um málefnið. Alls voru 47 sjálfsvíg á Íslandi á síðasta ári, þar af 15 konur og 32 karlar.

Síðastliðinn áratug hafa að meðaltali verið 39 sjálfsvíg framin hér á landi árlega, en þegar litið er til einstakra ára hefur fjöldinn verið á bilinu 27-49. Flest sjálfsvíg áttu sér stað árið 2013.

Kristín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Píeta samtakanna, segir símtölum til samtakanna hafa fjölgað gríðarlega á síðasta ári, en samtökin sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur. ■ –SJÁ SÍÐU 4

Lónið í Kópavogi færir út kvíarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sky Lagoon fær Wow lóðina

benediktboas@frettabladid.is

SKIPULAG Bæjarráð Kópavogs samþykkti í gær að lóðunum Vesturvör 38a og 38b verði úthlutað til sömu aðila og eiga og reka Sky Lagoon. Lóðirnar áttu fyrst að fara til WOW Air en eðli málsins samkvæmt munu engar höfuðstöðvar þess flugfélags rísa á lóðunum.

Baðlón Sky Lagoon kostaði um fimm milljarða króna.

Í bréfi Ármanns Kr. Ólafssonar, bæjarstjóra Kópavogs um málið kemur fram að hugmyndir félagsins séu að búa til hverfi í gömlum íslenskum stíl þar sem boðið verði upp á margs konar afþreyingu, söfn og gistimöguleika, matarupplifun, listir og menningu. ■

Forsetinn lætur kuldann ekki bíta

Ungum áhugamönnum um siglingar brá í brún að sjá sjálfan forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesson, stinga sér til sunds í Nauthólsvík í gær. Guðni hefur áður mært ávinninginn sem fæst af því að stunda sjósund og var ekki að sjá á Guðna að honum fyndist sjórinn kaldur miðað við árstíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hafa regnhlíf innan handar í dag

kristinnpall@frettabladid.is

VEÐUR Þegar búið er að létta samkomutakmörkunum og von er á hressilegum hátíðahöldum á Þjóðhátíðardegi Íslendinga, er ekki víst að veðrið komi til með að leika við Íslendinga í dag. Von er á heldur gráum degi, en sólin gæti brotist fram þegar líða tekur á daginn. Vissara er þó að hafa regnhlífina innan handar enda gæti farið að rigna, sérstaklega á suðurhluta landsins.

„Ég held að það gæti orðið heillaskref að hafa regnhlífina að minnsta kosti í skottinu. Við eigum síður von á skúrum í Reykjavík en það er ekki alveg útilokað. Það er helst á Suðurlandinu sem það gætu komið einhverjir dropar," segir Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, aðspurður hvort það væri heillaskref að taka regnhlíf með í hátíðahöldin.

Það gæti rignt í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Svo er bara mikilvægt að vera sæmilega klæddur miðað við veðuraðstæður. Það verður áfram svalt," segir Haraldur, sem á ekki von á því að þörf sé á sólarvörn. „Sólin gæti brotið sér leið í gegn á einhverjum stöðum en heilt yfir verður mikið skýjað, svo að það ætti ekki að vera þörf á neinni sólarvörn." ■

Gera tíðavörur ókeypis að frumkvæði nemenda

Hveragerði mun bætast við hóp sveitarfélaga sem ætla að hafa tíðavörur ókeypis í grunnskólum og félagsmiðstöðvum. Frumkvæðið kom frá Femínistafélagi grunnskólans sem safnaði sjálft styrkjum fyrir dömubindi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

SUÐURLAND Eftir að Femínistafélag grunnskólans í Hveragerði hóf að safna tíðavörum fyrir nemendur ákvað bæjarstjórnin að gera þær ókeypis í skólanum og félagsmiðstöðinni næsta haust. Femínistafélagið mun sjá um að velja vörurnar og dreifa þeim í skólanum.

„Þetta á að vera svo sjálfsagt. Fyrir stelpur er þetta jafn mikilvægt og klósettpappír. Með því að hafa þetta í boði gerum við blæðingar minna tabú. Stelpur eiga ekki að þurfa að fela dömubindin í vasanum á leiðinni inn á klósett," segir Rannveig Arna Sigurjónsdóttir sem var að klára 10. bekk. „Síðan eru til stelpur sem hafa einfaldlega ekki efni á góðum dömubindum."

Mikil umræða hefur verið um kostnað við tíðavörur, það er dömubindi og túrtappa, fyrir ungar stúlkur undanfarið ár. Sérstaklega eftir að breytingartillaga þingmannsins Andrésar Inga Jónssonar við fjárlög, til að gera tíðavörur ókeypis í skólum og fyrir tekjulága, var felld í desember.

Femínistafélagið var stofnað árið 2017 af þremur stúlkum í 10. bekk. Hlutverk þess er að styðja við jafnrétti í skólanum og er það opið fyrir alla. Ákveðið var að safna tíðavörum til að hafa ókeypis í skólanum og fékk félagið styrk til þess.

Sigrún Árnadóttir, kennari í skólanum og fulltrúi Okkar Hveragerðis í bæjarstjórn, fannst framtakið gott og ákvað að taka málið upp hjá bænum. Var á fimmtudag samþykkt á bæjarstjórnarfundi að bærinn greiði fyrir tíðavörurnar og að Femínistafélagið muni koma að vali og dreifingu. Bætist Hveragerði því við hóp sveitarfélaga eins og Reykjavíkur, Ísafjarðar og Skagafjarðar, þar sem tíðavörur verða ókeypis í skólum og félagsmiðstöðvum.

Sigrún Árnadóttir kennari og meðlimir Femínistafélags grunnskóla Hveragerðis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrir stelpur er þetta jafn mikilvægt og klósettpappír.

Rannveig Arna Sigurjónsdóttir, nemi og femínisti.

„Það er mikilvægt að allar stúlkur hafi aðgang að góðum tíðavörum," segir Sigrún. „Félagið hafði safnað og fengið gefins stór bindi, sem henta ekki endilega fyrir ungar stelpur. Strax í haust mun skólinn panta inn vörur sem henta, í samráði við Femínistafélagið."

Rannveig segist rosalega ánægð með að bæjarstjórn hafi ákveðið að hafa ókeypis tíðavörur í skólanum. „Mér finnst þetta geggjað. Ég vona að þetta verði svona í öllum skólum í framtíðinni," segir Rannveig sem sjálf fer í framhaldsskóla í haust. „Ef dömubindi verða ekki boði þar læt ég í mér heyra," segir hún. ■

MIÐNÆTUR HLAUP SUZUKI

FIMMTUDAGINN, 24. JÚNÍ 2021

Hlauptu með okkur á Jónsmessunni!

10 KM

21 KM

RÆST MILLI
19:30 og 20:45

Skráðu þig strax í dag á *midnæturhlaup.is*

ATH: Skráningu lýkur 21. júní • Afhending gagna 22. og 23. júní • Ekki hægt að skrá sig á hlaupdag

Helmingur allra sérbýla seldist yfir ásettu verði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aldrei hærra hlutfall íbúða selt yfir ásettu verði

urduryrr@frettabladid.is

FASTEIGNIR Mikil eftirspurn er á húsnæðismarkaði, samkvæmt mánaðarskýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir júní 2021. Nú eru rúmar 1.900 íbúðir auglýstar til sölu.

Aldrei síðan mælingar hófust hefur hærra hlutfall íbúða verið selt yfir ásettu verði. Í apríl seldist um helmingur allra sérbýla á hærra verði. Á sama tíma hefur meðalsölutími aldrei verið styttri, en í apríl á þessu ári var meðalsölutími í höfuðborginni aðeins 39 dagar. Til samanburðar voru íbúðir að meðaltali 78 daga í sölu í apríl 2020.

Þá hækkar heildarmat fasteigna fyrir árið 2022 um 7,4 prósent frá árinu áður og verður 10.340 milljarðar, samkvæmt Þjóðskrá. Mesta hækkun er á Vestfjörðum, en þar hækkar fasteignamat um 16,3 prósent. Á höfuðborgarsvæðinu hækkar það um 8 prósent. ■

Hálfur annar milljarður í sekt

kristinnpall@frettabladid.is

SAMKEPPNISLÖG Samkeppniseftirlitið skrifaði í gær undir sátt við Eimskip vegna rannsóknar á brotum fyrirtækisins og Samskipa á samkeppnislögum og EES-samningnum.

Með því viðurkennir Eimskip að hafa brotið samkeppnislög og samþykkir að greiða 1,5 milljarða í stjórnvaldssekt, sem rennur í ríkissjóð. Um leið mun fyrirtækið grípa til aðgerða sem eiga að koma í veg fyrir að þetta geti gerst aftur, en brotin má rekja langt aftur í tímann.

Þá var staðfest að fyrirtækið hefði brotið reglur samkeppnislaga með því að hafa hvorki veitt réttar upplýsingar né afhent gögn í þágu rannsóknarinnar. ■

Fleiri sjálfsvíg meðal kvenna á síðasta ári

birnadrofn@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Nokkuð fleiri sjálfsvíg urðu meðal kvenna á síðasta ári miðað við árið 2019, samkvæmt bráðabirgðatölum frá Embætti landlæknis. Alls urðu 47 sjálfsvíg árið 2020, 15 meðal kvenna og 32 meðal karla.

Síðastliðinn áratug hafa að meðaltali verið 39 sjálfsvíg hér á landi árlega, en þegar litið er til einstakra ára hefur fjöldinn verið á bilinu 27-49.

Frá því kórónaveirufaraldurinn hófst hefur verið uppi umræða um hvort tíðni sjálfsvíga hafi aukist í faraldrinum og ýmislegt hefur bent til þess að andlegri heilsu fólks hafi hrakað frá því að faraldurinn hófst.

Kristín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Píeta samtakanna, segir símtölum til samtakanna hafa fjölgað gríðarlega árið 2020, en samtökin sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur. Í janúar í fyrra voru símtöl til Píeta 194 talsins en í desember sama ár voru þau 503. Fyrstu fimm mánuði þessa árs var meðalfjöldi símtala til samtakanna 500 og segir Kristín að það sem af sé júnímánuði hafi verið mikið að gera hjá samtökunum.

> Fimmtán konur féllu fyrir eigi hendi á síðasta ári. Frá því að tölfræði hefur verið tekin um sjálfsvíg hafa aldrei fleiri konur tekið eigið líf á einu ári.

Kristín bendir á að til samtakanna geti fólk með sjálfsvígshugsanir leitað allan sólarhringinn. „Sjálfsvígshugsanir eru ekki að koma upp hjá einhverjum einum samfélagshópi frekar en öðrum. Þetta er vandamál þvert á samfélagið en hjálpin er til staðar og við hvetjum alla til að hafa samband," segir Kristín.

Hjálparsími Píeta samtakanna, 552-2218, er opinn allan sólarhringinn. ■

Segir bestu fyrirbyggjandi aðgerðina gegn ofbeldi að hjálpa gerendum

Fleiri leita fyrr til Heimilisfriðar eftir seinni bylgju #metoo, jafnvel einstaklingar með vangaveltur um það hvort hegðun þeirra sé ofbeldi. Sálfræðingur segir meðferð fyrir gerendur áhrifaríka, hægt sé að læra að hætta að beita ofbeldi.

birnadrofn@frettabladid.is



Greinargóðar upplýsingar fyrir bæði þolendur og gerendur ofbeldis má finna á vefnum 112.is. Þar eru til að mynda upplýsingar um ólíkar tegundir ofbeldis og úrræði fyrir gerendur og þolendur ofbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FÉLAGSMÁL „Aðsókn til okkar hefur ekki aukist en hún hefur staðið í stað sem er óvanalegt á þessum árstíma, yfirleitt dregur heldur úr á sumrin." Þetta segir Andrés Proppé Ragnarsson sálfræðingur, sem rekur verkefnið Heimilisfrið, þar sem fólki sem beitir heimilisofbeldi er veitt meðferð, aðspurður um hvort aðsókn hafi aukist í kjölfar seinni bylgju #metoo.

Andrés segist að mestu hafa orðið var við áhrif #metoo á þann hátt að fólk leiti til Heimilisfriðar fyrr en áður. „Það hefur komið til okkar töluvert að fólki, bæði pör og einstaklingar, karlar og konur, sem hafa vangaveltur um það hvort þau séu að beita ofbeldi," segir hann.

Andrés segir umræðu um ofbeldi geta orðið til þess að fólk átti sig á því að hegðun þess sé í raun ofbeldi. „Þetta er athyglisverður vinkill í þessari umræðu sem hefur orðið til þess að fólk kemur til okkar og viðrar þessar hugsanir."

Andrés segir að því fyrr sem gerendur ofbeldis leiti sér aðstoðar, því auðveldara sé að uppræta ofbeldið, jafnvel kæfa það í fæðingu. Hann segir meðferð fyrir gerendur ofbeldis felast í samtalsmeðferð, áfallavinnu og partavinnu. „Það þarf að breyta viðhorfum gerandans, upplýsa og fræða, en meðferðin er jafn breytileg og málin eru mörg," segir Andrés.

> Langflestir sem til okkar leita fá ansi mikinn bata.

Andrés Proppé Ragnarsson, sálfræðingur.

Meðferðin sem veitt er í Heimilisfriði er mislöng eftir málum, sumum nægja tvö til þrjú viðtöl en dæmi eru um að sami einstaklingurinn hafi komið yfir fjörutíu sinnum í viðtal. „Það þarf mikla þrautseigju, þolinmæði og einbeittan vilja í svona meðferð og margir eru með það, því þau vilja ekki vera á þessum stað," segir Andrés.

Kostnaði meðferðar fyrir gerendur er haldið í lágmarki og kostar hvert viðtal hjá Heimilisfriði 3.000 krónur. „Núverandi félagsmálaráðherra hefur verið ótrúlega skilningsríkur varðandi þessi mál og hefur veitt meðferð fyrir gerendur brautargengi," segir Andrés, en til dæmis voru þann 3. júní síðastliðinn kynntar tillögur frá aðgerðateymi gegn ofbeldi sem sett var á fót í maí í fyrra af félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra.

Tillögurnar fela í sér hvatningarsamtöl forvarnateyma með geranda, þróun fræðsluefnis, auk þess sem verkferlar lögreglu við að draga úr áhættu á frekari brotum sakborninga verða þróaðir áfram.

Spurður segir Andrés meðferðina sem veitt sé gerendum áhrifaríka og að í flestum tilfellum geti fólk lært að hætta að beita ofbeldi. „Það liggja fyrir rannsóknir sem sýna það og langflestir sem til okkar leita fá ansi mikinn bata," segir hann. „Besta fyrirbyggjandi aðgerðin gegn ofbeldi er að hjálpa gerendum." ■

17. júní í Hafnarfirði

Komdu og fagnaðu þjóðhátíð með okkur heima í Hafnarfirði.
Fjölbreytt dagskrá í boði víðs vegar um bæinn.

Nánar á **hfj.is/17juni**

Bjóða körlum ráðningu frekar en konum með áratuga reynslu

svavamarin@frettabladid.is

KJARAMÁL Flugfélagið Icelandair hefur tekið unga karlkyns flugliða fram yfir konur með áratuga reynslu. Í síðustu viku fengu um 45 flugliðar fastráðningu hjá Icelandair, af þeim 320 sem voru ráðnir fyrir sumarið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er meginhluti þeirra karlmenn með styttri starfsaldur. Berglind Kristófersdóttir, varaformaður Flugfreyjufélags Íslands, segir í samtali við Fréttablaðið að siðferðislega sé vegið að stéttinni.

„Með þessu nýja verklagi við ráðningar eru starfsaldur og reynsla virt að vettugi, sem óhjákvæmilega leiðir til sundrungar og samanburðar á milli starfsfólks fremur en samstöðu, sáttar og trausts," segir Berglind.

Flugfélagið réð um 320 manns í vinnu í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Af 320 sem Icelandair réð inn fyrir sumarið voru 45 flugliðar.

Berglind Hafsteinsdóttir, þáverandi formaður Flugfreyjufélagsins, sagði í samtali við Fréttablaðið nýverið að verið væri að rjúfa áratuga hefð. Hún segir félagið vera að kanna réttarstöðu sína, en ekki er beint kveðið á um þessa reglu í kjarasamningi. „Í samningum er það gegnumgangandi stef að þessi regla skuli gilda," sagði Berglind.

Jens Þórðarson, framkvæmdastjóri flugrekstrarsviðs Icelandair, sagði í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að í fastráðningum sem þegar hafa verið framkvæmdar og tilkynntar séu bæði konur og karlar, og konur í meirihluta. „Hvað varðar fastráðningar almennt þá hefur fyrirtækið horft til margra þátta í gegnum tíðina en starfsaldur hefur ráðið meiru en nú, enda aðstæður í dag að mörgu leyti aðrar. Meðal annars er horft til fjölbreytileika í hópnum en einnig tekið tillit til hefðbundnari viðmiða um mat á reynslu og hæfni viðkomandi starfsmanna, eins og tíðkast almennt í ráðningum starfsmanna hjá félaginu," segir Jens. ■

Vill að undið verðið ofan af klúðri Ríkarðshúss

Fyrrverandi oddviti Djúpavogshrepps harmar þá stöðu sem upp er komin varðandi safn Ríkarðs Jónssonar. Rangt sé að gjafir dætra hans standi ekki undir uppbyggingu safnsins.

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Trúnaðarbrestur um uppbyggingu Ríkarðshúss, safns undir muni myndhöggvarans Ríkarðs Jónssonar, olli því að gjafaloforð Ásdísar dóttur hans var dregið til baka. Samkvæmt stofnskrá sem undirrituð var við gjafagerninginn árið 2013 var ákveðið að safnið myndi rísa á grunni Vogalands 5 á Djúpavogi, en nýlega hefur verið kannað að flytja það í svokallað Faktorshús.

„Það fylgdi gjafaloforðinu kvöð um að byggja nýtt hús yfir safnið sem gæti rúmað alla listmuni Ríkarðs undir sama þaki og við unnum í mjög góðu samstarfi við systurnar Ásdísi og Ólöfu um það," segir Andrés Skúlason, oddviti Djúpavogshrepps til ársins 2018, en hann harmar þá stöðu sem komin er upp í málinu. Bæði hvað varðar afturköllun loforðsins og rangar upplýsingar sem gefnar voru Fréttablaðinu í síðustu viku. Það er, að umfang gjafarinnar væri eitt einbýlishús í Reykjavík og kostnaðurinn næmi milljarði króna.

Hið rétta er að auk hússins voru í gjöfinni jörðin Miðdalur í Mosfellsbæ, fasteign á Akranesi, sumarhús í Hveragerði, stór flygill, málverk eftir Jóhannes Kjarval, Finn Jónsson og fleiri merka listamenn og svo nokkrir af stærstu og verðmætustu listmunum Ríkarðs.

Samkvæmt Andrési voru lauslegar hugmyndir á grunni þessa allt að 200 milljóna króna framlag til verkefnisins árið 2012. En verðlag hefur tekið breytingum frá þeim tíma. Þá hafi framlag Djúpavogshrepps verið húsgrunnur og lóð metin á 30 milljónir. Byggingu safnsins átti að miða við þessa gjöf, sem yrði ekki að fullu ljós fyrr en eftir andlát systranna beggja en Ólöf lést árið 2017.

„Það er fráleitt að byggingin hafi átt að kosta milljarð króna. Fyrri stjórn og systurnar hefðu aldrei lagt upp í slíka vegferð," segir Andrés og bendir á að verkefnið hafi átt sér langan aðdraganda. Við tíu ára sýningarafmæli Ríkarðssafns á núverandi stað í Löngubúð, árið 2007, hafi systurnar tilkynnt formlega um gjöfina.

„Byggingu safnsins átti að sníða að því sem kæmi út úr sölu eignanna í gjöfinni ásamt öðrum framlögum, sem enginn gat eða getur fest fingur á fyrr en að þeim báðum systrum gengnum," segir Andrés.

Aðspurður um Faktorshúsið segir Andrés að það hús hafi komið til tals í upphafi ferlisins árið 2007 en hafi strax verið slegið út af borðinu. „Þær höfnuðu því báðar alfarið og sérstaklega Ólöf," segir Andrés. „Að þeirra mati var það algert lykilatriði að hægt væri að sjá Búlandstindinn, stolt svæðisins, frá safninu. Safnið þurfti líka að hafa gott svigrúm sem er ekki til staðar í Faktorshúsinu."

Í bréfi sem lögmaður Ásdísar sendi Múlaþingi segir: „Óumdeilt er að sveitarfélagið hefur alfarið horfið frá þeim áformum að byggja nýtt hús utan um Ríkarðshús og ekki er nein uppbygging safnsins fyrirhuguð."


Í gjöf til safnsins eru meðal annars þrjár fasteignir, stór jörð, flygill, málverk eftir Kjarval og fleiri munir. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Andrés segist ekki vita hvers vegna Faktorshúsið sé aftur komið inn í jöfnuna þrátt fyrir andstöðu systranna, sem valdið hafi mögulega þeim trúnaðarbresti sem upp er kominn, auk þess sem að landið í Miðdal hafi verið komið á sölu án samráðs.

„Ég ætla hins vegar ekki að fara að alhæfa eða gefa mér forsendur um hvers vegna þessi staða er komin upp, en svo mikið er víst að enga ósk á ég heitari en að menn nái að vinda ofan af þessu klúðri og staðið verði við þau fyrirheit sem getið er um í stofnskrá Ríkarðshúss," segir hann. „Eða þá að stjórn Ríkarðshúss breyti stofnskrá í sátt við þá sem stóðu að loforðinu. Satt best að segja þykir mér óendanlega dapurlegt að þurfa að stíga skref til baka inn í mál sem ég hafði skilið við. Ósannindi þau sem beindust að mér og Ríkarðssystrum sem komu fram í Fréttablaðinu fyrir skemmstu geta hins vegar ekki staðið án svara. Virðing mín er meiri en svo fyrir dýrmætum menningararfi Djúpavogs, Ríkarði Jónssyni listamanni sem og dætrum hans." ■

> Það er fráleitt að byggingin hafi átt að kosta milljarð króna.

Andrés Skúlason, fyrrverandi oddviti Djúpavogshrepps.

BIOTHERM × COCO CAPITÁN

HOW DO YOU ~~FAIL~~ BREATHE WITHOUT THE SEA?

BETRI FRAMTÍÐ FYRIR HÚÐINA OG HAFIÐ

BIOTHERM SUMAR OG SÓL

DAGANA 17.-23. JÚNÍ

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOTHERM VÖRUM

VELDU ÞINN KAUPAUKA

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Biotherm vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.

Biotherm handklæði eða Biotherm snyrtitaska sem inniheldur Waterlover SPF 30 sólarvörn 40 ml, Aquasource gel 20 ml, Aquasource næturkrem 20 ml.

HAGKAUP
Snyrtivara

Fjölmargir lögreglumenn særðust þegar þeir reyndu að hleypa eldvarnaeftirliti inn í byggingu við Rigaer stræti í Berlín í gær.

Forsetar Rússlands og Bandaríkjanna, Vladimir Pútín og Joe Biden, sátu athyglisverðan fund í Sviss.

Ungir Þjóðverjar nýttu stöðuvatn í Kiel til að kæla taugarnar að hætti heimamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Konungshöllin í Bretlandi kynnti nýtt samstarf um sýndarveruleikaferðalag fyrir ferðamenn, sem virðist hitta í mark.

Velsku drekarnir unnu frækinn sigur á Tyrkjum á EM og stefna ótrauðir á útsláttarkeppnina annað mótið í röð.



Efri stéttir breska samfélagsins njóta þess að komast aftur á veðreiðarnar á Royal Ascot þessa dagana.

N1 Vegabréf

Fylltu SUMARIÐ af fjöri

1 Lay's snakkpoki
Sour Cream & Onion eða Salted 27,5 g

2 Coca Cola
án sykurs
0,5 lítra

3 Nóa Krisp
Rjómasúkkulaði með krispkúlum
25 g

4 Sumar Kristall
330 ml dós

5 Bubs
hlauppoki
20 g

6 Extra Sweet Mint
tyggjópakki

#vegabréf21

Taktu fjörið alla leið!

Ferðalagið verður leikandi létt með N1 í sumar. Safnaðu stimplum í Vegabréfið þitt á N1 stöðvum vítt og breitt um landið. Skemmtilegur glaðningur fylgir hverjum stimpli. Í ferðalok skilar þú Vegabréfinu fullstimpluðu inn á næstu N1 stöð og getur unnið glæsilega vinninga.

Komdu með okkur alla leið og fylltu sumarið af fjöri!

N1 ALLA LEIÐ

ENNEMM / SÍA / NM-005978

Verðið stillt til að fá fjárfesta að borðinu

Fjármálaráðherra segir að ríkið hafi náð öllum sínum markmiðum í útboði Íslandsbanka. Útilokað hafi verið að fá sama verð fyrir ári síðan, en við verðlagninguna hafi einnig verið horft til þess að fá menn að borðinu. Það hafi tekist vel.

thorsteinn@frettabladid.is

Ríkið mun fá allt að 55,3 milljörðum króna fyrir 35 prósenta hlutinn í Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra segir útboð Íslandsbanka hafa farið fram úr væntingum. Ríkið hafi fengið gott verð, þátttaka almennings hafi verið í methæðum og áhugi erlendra fjárfesta hafi verið meiri en gera mátti ráð fyrir. Þá segir hann að gagnrýni á söluferlið sé áminning um mikilvægi stefnufestunnar sem þarf til að klára mál af þessum toga.

„Það er óhætt að segja að útboðið hafi farið fram úr þeim væntingum sem við höfðum þegar ferlið hófst seint á síðasta ári. Síðan þá hefur margt fallið okkur í hag," segir Bjarni í samtali við Fréttablaðið.

„Við höfðum nokkur markmið, einkum að fá gott verð fyrir hlutinn, dreift eignarhald og þátttöku almennings. Útboðið var sérstaklega hannað með það í huga og þegar upp er staðið erum við að ná öllum okkar helstu markmiðum."

Eftirspurn í nýafstöðnu hlutafjárútboði Íslandsbanka, sem lauk á hádegi í fyrradag, reyndist vera samtals 486 milljarðar króna og umframeftirspurn eftir bréfum bankans var því níföld.

Þá verður fjöldi hluthafa eftir útboðið um 24 þúsund talsins, sem er mesti fjöldi hluthafa allra skráðra fyrirtækja á Íslandi. Ein ástæðan fyrir metþátttöku í útboðinu var sú að lágmarksupphæðin sem almennir fjárfestar gátu skráð sig fyrir, 50 þúsund krónur, hefur aldrei verið eins lág í hlutafjárútboðum eftir fjármálahrunið.

Í byrjun árs, þegar ljóst var að eignarhlutur ríkissjóðs í Íslandsbanka yrði boðinn út, voru áformin gagnrýnd af þingmönnum í stjórnarandstöðu, einkum Samfylkingunni, og sérfræðingum sem töldu óheppilegt að selja bankann á „undirverði" í djúpri efnahagslægð.

„Þetta er þörf áminning um að það þurfi stefnufestu til að ljúka svona málum. Það verða alltaf einhverjar úrtöluraddir og sumir hanga á hliðarlínunni, bíða eftir að eitthvað fari úrskeiðis og reyna að telja úr mönnum kjarkinn. En með því að undirbúa sig vel, hafa trú á að þetta geti tekist og vera með allt uppi á borðum – við lögðum mikla áherslu á gegnsæi í ferlinu – gátum við klárað málið," segir Bjarni, spurður hvort gagnrýni á útboðið hafi elst vel.

Útboðsgengið endaði í 79 krónum á hlut, sem jafngildir genginu um 0,85 miðað við bókfært eigið fé Íslandsbanka í lok fyrsta ársfjórðungs.

„Það er útilokað að við hefðum fengið sama verð fyrir ári síðan," segir Bjarni, spurður hvort verðið hafi verið ásættanlegt fyrir ríkissjóð.

„Það er vandasamt verk að stilla verðbilið. Það var ákveðið eftir langt ferli og speglast í verði fjármálafyrirtækja innanlands sem erlendis. En verðlagningin er líka hugsuð til þess að vekja áhuga og fá menn að borðinu, og mér finnst það hafa tekist vel."

Í kjölfar útboðsins mun ríkissjóður fara með 65 prósenta eignarhlut í Íslandsbanka. Gera má ráð fyrir að aðrir innlendir fjárfestar fari með um 24 prósenta hlut og erlendir fjárfestar með um 11 prósent.

„Ég hafði veika von um áhuga að utan. Í upphafi ferlisins virtist það frekar fjarlægt en niðurstaðan er sú að talsverður áhugi kom frá erlendum fjárfestum," segir Bjarni.

Tveir erlendir fjárfestingarsjóðir, Capital World Investors og RWC Asset Managament, voru hornsteinsfjárfestar í útboðinu ásamt íslensku lífeyrissjóðunum Gildi og LIVE. Aðrir erlendir fagfjárfestar tóku þátt í lokuðu útboði.

Ríkissjóður hefur skuldbundið sig til að selja ekki frekari hluti í bankanum í sex mánuði eftir að bréfin verða tekin til viðskipta á markaði.

Hefur komið til tals að gert verði hluthafasamkomulag til að gefa nýjum hluthöfum vægi í stjórn bankans?

„Ég held að það sé jákvætt að eiga í samstarfi við hluthafa um samsetningu stjórnarinnar. Við viljum fyrst og fremst fá hæfa einstaklinga í stjórn bankans," segir Bjarni.

Að því gefnu að valréttir verði nýttir að fullu mun ríkið fá 55,3 milljarða króna í sinn hlut fyrir 35 prósenta hlut í bankanum. Upphæðin kemur sér vel, að sögn Bjarna, í ljósi þess að ríkissjóður er um þessar mundir rekinn með miklum halla.

„Hafa þarf í huga að ef ríkið er of fyrirferðarmikið á innlendum skuldabréfamarkaði getur það haft áhrif á vaxtastig heimila og fyrirtækja. Í því samhengi er þetta mjög mikilvægt," segir Bjarni.

Hvernig sérðu fyrir þér næstu skref, að því gefnu að næsta ríkisstjórn vilji halda áfram að selja eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka?

„Við eigum að láta þetta útboð vera hvatningu til að hafa augun opin fyrir frekari tækifærum til að losa um eignarhlut ríkisins að fullu. Ef aðstæður á næsta ári leyfa er ekki eftir neinu að bíða. Til lengri tíma litið sé ég fyrir mér að ríkið skrái Landsbankann sömuleiðis á markað en verði áfram meirihlutaeigandi." ■

> Það verða alltaf einhverjar úrtöluraddir og sumir hanga á hliðarlínunni, bíða eftir að eitthvað fari úrskeiðis og reyna að telja úr mönnum kjarkinn.

Fjöldi hlutabréfaeigenda margfaldast

Til að setja þátttökuna í útboði Íslandsbanka í samhengi – sem fyrr segir var fjöldi hluthafa eftir útboðið um 24 þúsund talsins – má nefna að fjöldinn sem tók þátt í útboðinu var um þrefalt meiri en fjöldi þeirra einstaklinga sen áttu skráð hlutabréf í lok árs 2019.

Fjöldi einstaklinga sem átti hlutabréf í lok árs 2019 var tæplega 9 þúsund. Hann hafði vaxið í tæplega 17 þúsund í lok síðasta árs og ríflega 21 þúsund í lok maí.

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir mikinn áhuga almennings í útboði Íslandsbanka vera ánægjulegan og sýna traust á bankanum.

Magnús Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar.

„Hann veit líka á gott fyrir möguleika íslenskra fyrirtækja til að fjármagna sig á hlutabréfamarkaðnum og þar með möguleika þeirra til að skapa störf og knýja vöxt. Þá verða skoðanaskipti á markaðnum virkari sem gerir hann meira aðlaðandi fyrir aðra fjárfesta, þar með talda erlenda fjárfesta," segir Magnús.

Lífeyrir nái langt upp í meðallaun

thorsteinn@frettabladid.is

Lífeyrir á hvern lífeyrisþega gæti fjórfaldast á hálfri öld og tekjur fólks á eftirlaunaaldri verða í mörgum tilfellum hærri en laun á almennum vinnumarkaði í dag.

Þetta var á meðal þess sem kom fram í erindi Benedikts Jóhannessonar, fyrrverandi fjármálaráðherra, á fulltrúaráðsfundi Birtu lífeyrissjóðs í fyrradag, þar sem hann gerði grein fyrir úttekt Talnakönnunar á lífeyriskerfinu.

Samkvæmt spá Talnakönnunar verða ellilífeyrisþegar 2,5 sinnum fleiri árið 2070 en þeir eru í dag en yfir sama tímabil mun ellilífeyrir tífaldast.

Það þýðir að lífeyrir á hvern ellilífeyrisþega getur fjórfaldast á næstu 50 árum.

„Það er tvennt sem veldur því," útskýrði Benedikt. „Annars vegar að iðgjaldið er hærra en áður var en líka kaupmáttaraukning á þessu tímabili."

Ellilífeyrisréttindi úr lífeyrissjóðum hafa ekki náð viðmiðum um nægjanlegan lífeyri nema þegar almannatryggingalífeyri er bætt við, en samkvæmt úttektinni verður breyting á því.

Ef kaupmáttur eykst áfram um 1,5 prósent á hverju ári næstu 50 árin verða tekjur á eftirlaunaaldri í mörgum tilfellum hærri en laun eru nú á almennum vinnumarkaði.

Í erindinu var dregin upp sviðsmynd af því hvað ungt fólk getur búist við að fá út úr lífeyriskerfinu þegar það kemst á eftirlaunaaldur.

Lífeyrisréttindi þeirra sem nú eru að koma á vinnumarkað munu verða milli 70 og 100 prósent af meðallaunum þegar lífeyrir almannatryggingar er meðtalinn.

„Ef það sem ég er að segja stenst, er lífeyriskerfið býsna ásættanlegt," sagði Benedikt. ■

hotel edda

SÍÐAN 1961

Gestrisni af gamla skólanum í 60 ár

Hótel Edda er á vinsælum áningarstöðum í alfaraleið þar sem ferðalangar hafa treyst á okkur í gegn um tíðina og gera enn. Við bjóðum hlýtt viðmót, góða gistingu og okkar sívinsæla, staðgóða morgunverð sem er gott veganesti út í daginn og ferðalagið fram undan. Kynslóð eftir kynslóð ferðaglaðra Íslendinga hefur sótt okkur heim á hverju sumri í þau 60 ár sem liðin eru frá því Hótel Edda opnaði í fyrsta sinn.

Gleðlega hátíð og gleðilegt ferðasumar!

Hótel Edda Akureyri | Hótel Edda Egilsstaðir | Hótel Edda Höfn í Hornafirði

hoteledda.is

Horft yfir Verdali í átt að Kópanesi. Tóftir gömlu verbúðanna í forgrunni.

MYNDIR/TG

Versalir Vestfjarða

Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og ljósmyndari

Arnarfjörður er annar stærsti fjörður Vestfjarða á eftir Ísafjarðardjúpi, 38 km langur og víðast 5-10 km breiður. Þótt fljúgandi örnum bregði oft fyrir í fjöllum girtum firðinum segir í Landnámu að hann sé nefndur eftir landnámsmanni sem hét Örn. Arnarfjörður var löngum þéttbyggður en í dag er aðeins búið á nokkrum bæjum auk Bíldudals. Undirlendi í firðinum er lítið og því urðu bændur að stunda sjóróðra samhliða bústörfum. Fiskisæld var mikil en lending á árabátum víða erfið nema í víkum yst við sunnanverðan fjörðinn. Þar komu bændur sér því upp verbúðum og heita því Verdalir. Til þeirra teljast Sandvík sem er næst Selárdal, síðan kemur Miðdalur og vestast er Ystidalur.

Verdalir bjóða ekki aðeins upp á hrikalegar fjallshlíðar með mannhæðarháum skriðum heldur einnig ljósar strendur og biksvarta kletta. Skammt frá ströndinni eru síðan tóftir gömlu verbúðanna en haganlega gerðar grjóthleðslurnar falla sérlega vel að landslaginu. Í þessum Versölum Vestfjarða var Jón Sigurðsson forseti vermaður en annars bjó hann á Hrafnseyri innar í Arnarfirði. Aðeins 13 ára gamall réð hann sig upp á hálfan hlut á feræringi og þótti standa sig vel. Fór hann því fram á fullan hlut, og fékk. Síðar átti Jón eftir að sýna sömu staðfestu í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19 öld og var fæðingardagur hans, 17. júní, gerður að þjóðhátíðardegi Íslendinga.

Til að komast í Verdali er ekinn 25 km langur Ketildalavegur frá Bíldudal út í Selárdal, Þar er tilvalið að hefja gönguna og er fylgt smalavegi sem liggur út í Verdali og þaðan áfram út á Kópanes. Ganga má út fyrir nesið uns komið er í Kópavík, sem var líka mikilvæg verstöð. Úr Kópavík liggur leiðin aftur í Ystadal og er gengið meðfram tignarlegum Miðmúla. Hringurinn í kringum Kóp tekur daginn frá Selárdal en aðeins tekur hálfan dag að ganga fram og til baka út í Verdali. Á leiðinni heim er tilvalið að koma við í safni Samúels Jónssonar í Selárdal eða sjá býlið þar sem Gísli á Uppsölum bjó einn án nútímaþæginda þar til hann lést 1986. ■

Fjöllin upp af Verdölum eru mikilfengleg. Hér er horft í átt að Sandvíkurhyrnu með tóftir verbúðar í forgrunni.

Klettarnir í fjörum Verdala auðvelduðu lendingu árabáta og voru forsenda þess að þarna voru verbúðir.

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Framlengjum í dag aðeins í Skútuvogi

HÚSASMIÐJU DAGURINN

20-30% afsláttur

Sumarblóm 25% • Garðplöntur 25% • Trjáplöntur 25% • Pottaplöntur 25%
Úti blómapottar 25% • Pallaolía 30% • Viðarvörn 30% • Fiskars garðverkfæri 20%
Sláttuvélar 20% • Claber slönguhjól 20% • B+D hekkklipur 25% • LADY málning 25%
Flísar 25% • Parket 25% • Nilfisk háþrýstidælur 20-25% • Hikoki verkfæri 20%
B+D rafmagnsverkfæri 25% • Þvottasnúrur og grindur 20% • Avasco hillurekkar 20%
Hreinlætisvörur 20% • Útimálning 30% • Jeldwen hurðir 25% • Tröppur og stigar 20%
NEO topplyklasett 30% • Vinnufatnaður 20% • Úti- og inniljós (Gildir ekki af Hue) 20%
Blöndunartæki 25% • Pottar og pönnur 20% • Glös og diskar 20% ... og margt fleira

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".

Við berjumst fyrir frjálslyndi og jafnrétti, réttlátu samfélagi, efnahagslegu jafnvægi og alþjóðlegri samvinnu.

KÆRU
LANDSMENN

GLEÐILEGAN ÞJÓÐHÁTÍÐARDAG

Frambjóðendur
Viðreisnar til Alþingis

VIÐREISN

Mesta auðlindin

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ráðamenn þjóðarinnar hafa í ávörpum sínum á tyllidögum iðulega vitnað í ljóð þjóðskálda og á 17. júní verða náttúruljóð oft fyrir valinu. Enda afar viðeigandi á þjóðhátíðardaginn að minna þjóðina á mestu auðlindina sem hún á, sem er náttúra landsins. Hún er sannur fjársjóður sem ber að vernda og með öllum ráðum verður að koma í veg fyrir að gróðasjónarmið grandi henni. Í hrekkleysi kynnu einhverjir að halda að miðað við þungann í umræðu um náttúruvernd þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því að náttúruperlum verði fórnað fyrir peninga, öllum ætti að vera ljóst að þær eru ómetanlegar. Því miður er það ekki þannig. Það bregst ekki að í hvert sinn sem barátta fyrir friðun á náttúrugersemum hefst þá byrjar virkjanakórinn að gaula af miklum móð og nýtur þar aðstoðar aðila sem fullir eru af græðgishugsun og telja sig verða af miklum fjármunum verði friðunin að raunveruleika.

Hvað eftir annað sjáum við virkjanakórinn þenja sig. Það gerðist í umræðum um virkjanir á Vestfjörðum þar sem fórna átti fögrum fossum, eins og ekkert væri. Ótrúlegt var að sjá þá firrtu hugsun sem opinberaðist í málflutningi virkjanasinna. Náttúruverndarsinnar gáfust hins vegar ekki upp heldur börðust með kjafti og klóm fyrir náttúruna.

Nú upplifum við andstöðu við hálendisþjóðgarð. Þar er eins og hökt hafi verið aftur til fortíðar. Hugmyndin um hálendisþjóðgarð er framfarasinnuð og háleit. Samt ólmast menn gegn þessu mikilvæga máli. Sérhagsmunir og peningar skipta þá miklu meira máli en náttúruvernd.

Hálendisþjóðgarður væri glæsilegur áfangi í umhverfisvernd og íslenskri þjóð til mikils sóma. Getið er um stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu í stjórnarsáttmálanum. Hér er um að ræða áherslu- og baráttumál Vinstri grænna, en innan Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur blygðunarlaust verið barist gegn þessum áformum. Var það kannski svo að formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks litu allan tímann á þessa áherslu í stjórnarsáttmálanum sem innihaldslaust blaður sem aldrei yrði að raunveruleika? Ætla Vinstri grænn virkilega að una þessu og endurnýja samstarfið við þessa tvo flokka eftir kosningar, vitandi að á þeim bæjum er ekki áhugi fyrir þessu framfaramáli?

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní minnir ekki einungis á sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Hann minnir einnig á allt það besta sem þjóðin á og þar er ekki hægt að gleyma hinni fögru og voldugu náttúru. Um leið verður á þessum degi að horfast í augu við þá nöturlegu staðreynd að frumvarp um hálendisþjóðgarð var ekki afgreitt á þessu kjörtímabili vegna andstöðu innan ríkisstjórnarinnar.

Vinstri grænn ættu hugsanlega að fara út í komandi kosningabaráttu með orð skáldsins í huga: „Alltaf má fá annað skip og annað föruneyti“. Ef það er staðföst ætlun Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að sveifa hugmyndir um hálendisþjóðgarð, þá eru aðrir flokkar sannarlega tilbúnir að leggja Vinstri grænum lið. Stór hópur kjósenda er einnig tilbúinn að fylgja þeim flokkum sem skilja mikilvægi náttúruverndar og eru tilbúnir að berjast fyrir henni, án alls hiks. ■

> Enda afar viðeigandi á þjóðhátíðardaginn að minna þjóðina á mestu auðlindina sem hún á, sem er náttúra landsins.

Halldór

Frá degi til dags

Höfnun

Bætt hefur verið við verkefni Neytendastofu. Meðal nýrra verkefna stofnunarinnar er að ákveða hverjir eru áhrifavaldar og hverjir ekki. Í þessu felst mikilvæg réttarbót og hafa Samtök verðandi áhrifavalda barist árum saman fyrir meira starfsöryggi í stéttinni og jafnvel að tekin verði upp lögverndun starfsheitisins enda hafa ýmsir skreytt sig með starfsheitinu án þess að hafa nokkuð til brunns að bera né hafa áhrif á nokkurn mann. Fyrst til að fá úthlutað starfsheitinu frá stofnuninni var Kristín Pétursdóttir. Bömmer samt að hún skyldi hafna nafnbótinni.

Kim litli

Erlendir fjölmiðlar fjölluðu í gær um meint þyngdartap Kim Jong-un, sem er af hinni frægu Kim ætt ásamt Kim Kardashian, Kim Larsen og Kim Cattrall. Áhyggjurnar beinast að því að fallþungi einræðisherrans hafi fallið svo skarpt að til vandræða horfi. Miðlarnir birta myndir sem eiga að sýna „fyrir og eftir“ áhrif. Gallinn er sá að engin leið er að sjá út hvor myndin er fyrir og hvor eftir. Foringjanum alræmda verður allt að vopni, hann missir gríðarlegan fallþunga en grennist ekki neitt. Hann er þekktur fyrir að spila ekki golf án þess að fara allar átján holurnar í einni og leikur ekki skák án þess að máta í fyrsta leik. ■

Skýr skilaboð

Bjarni Benediktsson
fjármála- og efnahagsráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins.

Eitt af viðvarandi viðfangsefnum stjórnmálanna er að afmarka hlutverk ríkisins. Hvar skiptir máli að ríkið komi að málum og á hvaða sviðum er rétt að eftirláta hinum frjálsa markaði að sinna verkefnum. Það eru engar fréttir að hér er armur ríkisins víða langur samanborið við nágrannaríki okkar. Þetta sést ekki síst í bankakerfinu, þar sem eignarhaldið er það lang umfangsmesta í Evrópu.

Aftur á móti vill oft gleymast að það þurfti eiginlegar hamfarir á fjármálamörkuðum heimsins til að valda því að ríkið endaði sem helsti eigandi íslenska fjármálakerfisins að nýju. Það stóð heldur aldrei til að það yrði raunin til lengdar. Eftir endurgerð regluverks og stofnana og áratug af efnahagslegri endurreisn er löngu tímabært að afmarka hlutverk ríkisins upp á nýtt.

Í upphafi kjörtímabilsins sögðumst við ætla að draga úr áhættu skattgreiðenda í bankarekstri og koma á heilbrigðara samkeppnisumhverfi, í betri takti við Norðurlöndin og önnur nágrannaríki okkar. Í gær lauk fyrsta áfanganum í því verki með sölu á 35 prósenta hlut í Íslandsbanka í opnu útboði.

Níföld umframeftirspurn var í útboðinu og hluthafar verða um 24 þúsund, fleiri en í nokkru öðru skráðu félagi á íslenskum markaði. Þátttaka almennings var áberandi mikil, en við heimiluðum kaup allt niður í 50 þúsund krónur og létum áskriftir fólks allt að einni milljón óskertar. Við það bætast sterkir hornsteinsfjárfestar; íslenskir lífeyrissjóðir auk stórra og traustra erlendra aðila. Salan fer fram á hagstæðum tíma á markaði og söluandvirðið upp á um 55 milljarða króna mun nýtast vel í áframhaldandi uppbyggingu næstu misseri.

Óhætt er að fullyrða að útboðið hafi tekist vel. Það sést ekki aðeins í mikilli þátttöku, dreifðu eignarhaldi og góðu verði. Ein mikilvægasta áminningin liggur annars staðar. Niðurstaðan sendir skýr skilaboð um að okkur er óhætt að sleppa í einhverjum tilfellum takinu og hleypa samkeppnisrekstri úr alltumlykjandi faðmi hins opinbera. Ríkið er ekki upphaf og endir alls. Fyrirtækjarekstri er óhætt í höndum fólks úti í samfélaginu, en ekki bara í Stjórnarráðinu. ■

> Eftir endurgerð regluverks og stofnana og áratug af efnahagslegri endurreisn er löngu tímabært að afmarka hlutverk ríkisins upp á nýtt.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Forseti snuprar forsætisráðherra sinn

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

Það er fremur súrt í broti fyrir Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra að koma á þessum þjóðhátíðardegi fram fyrir þjóðina og skýra hvers vegna fjögurra ára vinna við áfangaskipta endurskoðun stjórnarskrárinnar undir hennar forystu fór út um þúfur.

Undirbúningurinn var góður og Alþingi hafði nægan tíma. Að auki fékk almenningur að segja álit sitt í sérstakri rökræðukönnun.

Ábyrgð stjórnarmeirihlutans

Þegar til kastanna kom treysti forsætisráðherra sér ekki til þess að láta málið koma til atkvæða á Alþingi. Einnig var fallið frá fyrri ákvörðun ríkisstjórnarinnar um sérstakt þinghald í ágúst til þess að fjalla um stjórnarskrána.

Enginn fær því að vita hver raunveruleg afstaða Alþingis er.

Það er stjórnarmeirihlutinn sem ræður því hvort mál komast úr þingnefnd til umræðu og atkvæðagreiðslu á Alþingi. Hann kaus að drepa málið í nefnd.

Fyrir lá að Framsókn studdi frumvarpið óbreytt, en afstaða Sjálfstæðisflokksins var já, já og nei, nei. Ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið með hefði forsætisráðherra ekki aðeins haft einfaldan meirihluta heldur aukinn meirihluta, því að Miðflokkurinn gat stutt málið og Viðreisn, að auðlindaákvæðinu frátöldu.

Tímaskorti var ekki um að kenna því að fyrir lá að stjórnarandstaðan ætlaði ekki að beita málþófi. Ábyrgð ríkisstjórnarmeirihlutans á strandsiglingunni er því alveg skýr.

Gagnrýni undir rós

Forsætisráðherra talar samt eins og óljós og óskilgreind andstaða á Alþingi hafi stöðvað málið. Engir aðrir en hún og stjórnarmeirihlutinn bera þó ábyrgð á því að Alþingi fékk ekki að taka afstöðu.

Það var ánægjulegt að sjá forseta Íslands stíga fram á umræðusviðið. Hann átaldi Alþingi fyrir sleifarlag. Það var réttmæt gagnrýni.

Forseti þekkir vel lögmál þingræðisskipulagsins og reglur þingskapa. Hann veit því að villandi er að saka Alþingi í heild um að hlaupast undan merkjum þegar stjórnarmeirihluti kemur í veg fyrir að mál sé afgreitt úr nefnd og komi til atkvæða.

Ekki verður því annað ráðið en forseti sé undir rós að setja ofan í við forsætisráðherra sinn og samstarfsflokka hans.

Málsmeðferð og efnisatriði

Gagnrýni forseta virðist fyrst og fremst beinast að málsmeðferðinni á Alþingi, sem forsætisráðherra ber ábyrgð á.

En það var líka efnislegur ágreiningur, einkum um eitt grundvallaratriði. Fyrir síðustu kosningar boðuðu sex flokkar að nýtingarréttur auðlinda í þjóðareign skyldi vera tímabundinn. Þeir fengu tvo þriðju atkvæða.

Framsókn og VG féllu frá þessari stefnu til að koma til móts við samstarfsflokkinn. Flokkur fólksins, Píratar, Samfylking og Viðreisn hvikuðu hins vegar ekki frá henni.

Afar ósennilegt er að forseti hafi ætlað að áfellast stjórnarflokkana fyrir þessa málamiðlun. Og fjarstæðukennt væri að gefa í skyn að hann hafi ætlast til að stjórnarandstöðuflokkarnir fjórir ættu að svíkja afdráttarlaus loforð við kjósendur um slíkt prinsippmál.

Forseti Íslands blandar sér að sjálfsögðu í pólitík telji hann það nauðsynlegt. Þegar það gerist er þó æskilegt að hann sé skýrmæltur en ekki loðinn.

Ólafur Ragnar Grímsson tætti í sig fyrirliggjandi stjórnarskrártillögur í þingsetningarræðu 2015. Hvað sem um þá ræðu má segja var afstaða hans til einstakra efnisatriða klár og ekki fór á milli mála hverja hann gagnrýndi.

Hvers vegna fær þjóðin ekki að taka afstöðu?

Spurningin, sem forsætisráðherra skuldar þjóðinni svar við, er þessi: Hvers vegna leyfði stjórnarmeirihlutinn ekki Alþingi að greiða atkvæði? Það var eina leiðin til að ljúka málinu með lýðræðislegum hætti.

> Forseti Íslands blandar sér að sjálfsögðu í pólitík telji hann það nauðsynlegt. Þegar það gerist er þó æskilegt að hann sé skýrmæltur en ekki loðinn.

Vel hefði farið á því að forseti hefði með berum orðum mælst til þess við forsætisráðherra sinn að leyfa lýðræðinu að hafa eðlilegan framgang.

Skýringin á afstöðu meirihlutans blasir þó við:

Stjórnarskrárbreytingar kalla á endurstaðfestingu á nýju þingi. Kosningarnar hefðu því jafnframt orðið þjóðaratkvæði um innihald auðlindaákvæðis, sem veitir einni atvinnugrein undanþágu frá meginreglunni um tímabundinn nýtingarrétt.

Í reynd hefðu þær orðið þjóðaratkvæði um stjórnarskrárvarða almannahagsmuni eða sérhagsmuni?

Á endanum virðast ríkisstjórnarflokkarnir ekki hafa treyst kjósendum til að fylgja sérhagsmunalínunni.

Um leið voru kjósendur sviptir tækifæri til að gera út um mál, sem fyrir löngu er komið á tíma. ■

Grænn atvinnubylting!

Rósa Björk Brynjólfsdóttir
þingkona Samfylkingarinnar.

Það töpuðu margir í þinglokum Alþingis. Þau sem trúðu því að miðhálendisþjóðgarður myndi verða stofnaður á þessu kjörtímabili, eða þau sem héldu í von um breytingar á stjórnarskrá. En það voru líka sigrar á þinglokasprettinum. Einn af þeim var þegar Alþingi samþykkti að fela ríkisstjórn Íslands að vinna að þingsályktun Samfylkingarinnar um græna atvinnubyltingu. Þingsályktunin hefur það markmið að fjölga störfum, örva eftirspurn og styðja við loftslagsvæna verðmætasköpun á Íslandi. Tillagan er í samhengi við alþjóðlegar loftslagsskuldbindingar Íslands í ljósi efnahagssamdráttar, sögulegs fjöldaatvinnuleysis og framleiðsluslaka vegna kórónuveirufaraldursins. Til að ná þessu felur þingsályktunin í sér 10 eftirfarandi aðgerðir;

> Þingsályktunin hefur það markmið að fjölga störfum, örva eftirspurn og styðja við loftslagsvæna verðmætasköpun á Íslandi.

1) Grænn fjárfestingarsjóður
Komið verði á fót grænum fjárfestingarsjóði af hálfu hins opinbera sem leggur sjóðnum til 5 milljarða hlutafé. Sjóðnum ber að leita eftir samstarfi við einkafjárfesta og á að styðja við þróun loftslagslausna, grens hátækniiðnaðar og aukið vægi loftslagsvænnar atvinnuuppbyggingar á Íslandi. Það hefur verið skortur á fjárfestingu í fyrirtækjum og verkefnum sem skila nægilegum samdrætti í losun innan tímaramma aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Markmið og árangursmælikvarðar verða að vera mjög skýrir. Landsamgöngur, umsvif skipa og orkuframleiðsla eru þau svið sem vega þyngst í meginmarkmiðum aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem þarf að taka mið af í fjármögnunaráætlun sjóðsins, ásamt stefnu Vísinda- og tækniráðs og góðum stjórnarháttum í félögum sem hann fjárfestir í. Grænar fjárfestingar þurfa líka að vera arðbærar svo virkja megi almenna fjárfesta. Fjárhagslegar ívilnanir til grænna fjárfestinga til viðbótar við umhverfisgjöld og sanngjarnt gjald á losun gróðurhúsalofttegunda er skilvirk leið til að örva grænar fjárfestingar til að ná fram kolefnishlutleysi.

2) Metnaðarfyllri loftslagsmarkmið
Í þingsályktunartillögunni er kveðið á um að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi forgöngu um að mótuð verði ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem geri ráð fyrir allavega 60% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 miðað við árið 2005. Markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 verði fest í lög, skerpt verði á sjálfstæði og aðhaldshlutverki loftslagsráðs og stjórnsýsla loftslagsmála efld. Í umsögnum við málið á Alþingi kom fram skýrt ákall um metnaðarfyllri loftslagsmarkmið. Ein af lausnum til þess er aukin og bætt nýting innlendra, endurnýjanlegra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Uppbygging, þróun og styrking raforkuflutningskerfisins styður líka vel við áætlanir um orkuskipti, meðal annars vegna rafvæðingar hafna. Lögfesting markmiða Íslands í loftslagsmálum er áríðandi eins og Finnland og Noregur hafa gert.

3) Efling almenningssamgangna
Efling almenningssamgangna er einn stærsti liðurinn í því að ná markmiðum um kolefnishlutleysi. Styrkja þarf almenningssamgöngur um allt land því það eykur valkosti almennings og auðveldar ferðalög á milli landshluta með strætisvagni. Í efnahagsástandinu í kjölfar kórónuveirufaraldursins er kjörið að flýta framkvæmdum á Borgarlínu sem búa til störf og skila miklum loftslagsávinningi. Að auki þarf rausnarlegt viðbótarframlag til uppbyggingar stofnleiða fyrir hjólreiðar.

4) Hröðun orkuskipta
Það er brýnt að ráðast í markvissar aðgerðir til að hraða orkuskiptum á láði og legi. Styðja þarf enn frekar við uppbyggingu rafhleðslustöðva um allt land með það fyrir augum að nýskráningu bensín- og dísilbíla verði hætt árið 2025. Það er metnaðarfyllra en árið 2030 eins og núverandi ríkisstjórn VG, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins gerir. Stefna skal að því að tvöfalda framlög til Orkusjóðs.

5) Sterk sveitarfélög og fjárfesting í nærsamfélaginu
Viðspyrnan eftir kórónaveirufaraldurinn verður líka að eiga sér stað í nærsamfélaginu. Því er lagt til að ríkissjóður hafi milligöngu um hagstæðar lánveitingar til sveitarfélaga vegna loftslagsvænna fjárfestinga og aukaframlag til sóknaráætlana landshluta árið 2021.

6) Kolefnisbinding og bætt landnýting
Ráðist verði í kraftmikið átak í skógrækt, landgræðslu og endurheimt votlendis, birkiskóga og kjarrlendis. Stuðningur við landbótaverkefni frjálsra félagasamtaka verði stóraukinn og markviss vinna sett af stað við endurskoðun styrkjakerfis og skattumhverfis til að ýta undir ábyrga landnýtingu og gera bændum kleift að einbeita sér í auknum mæli að kolefnisbindingu, endurheimt votlendis og uppgræðslu.

7) Menntasókn
Stutt verði enn frekar við námstengd vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnuleitendur og námsframboð aukið með auknum framlögum til starfsmenntunar, framhaldsfræðslu, símenntunarstöðva, starfsendurhæfingar og vinnustaðanáms. Nám í umhverfis- og garðyrkjufræðum verði tryggt með starfsnámi á framhaldsskólastigi, aðgengi að tæknifræðinámi utan höfuðborgarsvæðisins aukið og stutt verði við uppbyggingu háskólaútibús á Austurlandi.

8) Uppbygging iðngarða
Nauðsynlegur hluti af grænni atvinnubyltingu er að skapa umhverfi sem nýtist til fjölbreyttrar atvinnu- og verðmætasköpunar og fjölga tækifærum fyrir góð tæknistörf. Það þarf til dæmis að stórauka rannsóknir og þróun hérlendis á sviði framleiðslu og nýtingar á endurnýjanlegu eldsneyti. Áætlanagerð á þessu sviði hefur verið fremur almenn. Nýting vistvæns eldsneytis á skipum er dæmi um nýsköpunarverkefni sem brýnt er að fjármagna og skattaívilnanir geta líka liðkað fyrir fjárfestingu í breytingum á vélbúnaði skipa eða nýsmíði hreinorkuskipa. Skipa þarf starfshóp um skipulega uppbyggingu iðngarða á Íslandi þar sem virði hreinnar orku er hámarkað, svo sem til uppbyggingar í matvælaiðnaði, lífrænni eldsneytisframleiðslu, líftækni og garðyrkju. Liðka þarf fyrir regluumhverfi fyrir slíkri starfsemi.

9) Stuðningur við listir og menningu
Styðja þarf enn frekar við skapandi greinar og listir, enda í samræmi við aukinn fjölbreytileika atvinnu- og verðmætasköpunar. Framlög til launasjóða listamanna verði stóraukin og komið verði enn frekar til móts við menningarstofnanir sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna samkomubanns. Endurgreiðslur á virðisaukaskatti til framleiðenda kvikmynda og sjónvarpsefnis verði hækkaðar og Ísland gert að ákjósanlegum stað til fullvinnslu kvikmynda.

10) Stórsókn í nýsköpun og þróun
Ráðist verði í heildstæða greiningu á því hvernig bæta megi regluverk og nýta skattalega hvata til að treysta samkeppnishæfni Íslands á sviði nýsköpunar, rannsókna og þróunar og tryggja hugverka- og hátækniiðnaði hagfelldari rekstrarskilyrði. Framlög til opinberra hluta nýsköpunar og rannsókna og þróunar, en þau framlög hafa lækkað mjög undanfarin ár. Framlög til Tækniþróunarsjóðs, Rannsóknasjóðs og Innviðasjóðs verði því aukin og úrræðið Stuðnings-Kría fullfjármagnað.

Með grænu atvinnubyltingunni er hægt að slá tvær flugur í einu höggi: Örva eftirspurn og atvinnu í einka – og opinbera geiranum. En um leið skapa grænna og sjálfbærara samfélag á Íslandi, stíga fastar til jarðar í loftslagsmálum en nú og setja metnaðarfyllri loftslagsmarkmið til næstu ára. Einkamarkaðurinn mun aldrei einn og sér leysa stóra vandamálið, sem hlýnun jarðar er. Það er líka samfélagslega nauðsynlegt að byggja græna atvinnuuppbyggingu með sanngjörnum umskiptum í loftslagsaðgerðum. Til þess þarf þétt samstarf og skýra pólitíska forystu til að tryggja að viðspyrnan eftir heimsfaraldurinn samræmist alþjóðlegum skuldbindingum okkar í loftslagsmálum. ■

Við getum gert betur

Ari Fenger
formaður Viðskiptaráðs Íslands.

Í dag birtir IMD viðskiptaháskólinn árlega úttekt sína á samkeppnishæfni ríkja, sem Viðskiptaráð kynnir að vanda. Samkeppnishæfni er stundum loðið og ofnotað hugtak, en í þessari úttekt er meining þess skýr: Hvernig ríki stuðla að umhverfi þar sem fyrirtæki geta á sjálfbæran hátt skapað verðmæti. Áhrif þess á lífsgæði allra landsmanna eru afgerandi og augljós.

Ísland stendur að ýmsu leyti vel í þessum samanburði og er annað árið í röð í 21. sæti af 64 ríkjum. Óvenju mikil áhrif heimsfaraldursins hér á landi vegna vægis ferðaþjónustu vega þungt en þó má víða greina jákvæða þróun, til dæmis í tæknilegum innviðum landsins og í fjármögnunarumhverfinu sem lengi hefur verið dragbítur á samkeppnishæfnina.

> Þar sem samkeppnishæfnin hefur skýr og afgerandi áhrif á lífskjör allra landsmanna er fullt tilefni til að hún verði stórt kosningamál.

Það sem er sérstakt áhyggjuefni er að Ísland er langt á eftir Norðurlöndunum. Í 2. sæti úttektarinnar, á eftir Sviss, er Svíþjóð. Danmörk er í 3. sæti, Noregur í því sjötta og loks er Finnland í 11. sæti. Norðurlöndin hafa verið að sækja fram í samkeppnishæfni á meðan Ísland hefur staðnað. Staðan er sú að Ísland hefur ekki staðið Norðurlöndunum jafn langt að baki frá árinu 2013. Sé rýnt nánar í niðurstöðurnar er Ísland undir meðaltali Norðurlandanna í 15 af 20 undirþáttum. Í fjórum þáttum stendur Ísland 1-4 sætum betur og aðeins í skattastefnu virðist Ísland bera af. Við nánari skoðun helgast það þó af því að lífeyriskerfið hér byggist á sjóðsöfnun en ekki gegnumstreymiskerfi.

Yfirskrift nýliðins Viðskiptaþings var að hugsa stærra og í samkeppnishæfninni eigum við sannarlega að hugsa stærra. Ísland hefur alla burði til að vera með allra samkeppnishæfustu ríkjum og standa jafnfætis Norðurlöndunum. Til að svo verði þurfa íslensk fyrirtæki að geta staðið sig í erlendri samkeppni. Rekstrarumhverfið þarf að gera þeim það kleift og þar eru ótal tækifæri til úrbóta, eins og birtist í 22 tillögum alþjóðahóps Viðskiptaráðs sem fjallað var um í skýrslu Viðskiptaþings.

Senn líður að kosningum. Þar sem samkeppnishæfnin hefur skýr og afgerandi áhrif á lífskjör allra landsmanna er fullt tilefni til að hún verði stórt kosningamál. Við skorum á flokkana að sýna á spilin í þeim efnum og leggja fram metnaðarfull en raunhæf markmið um hvernig megi bæta samkeppnishæfnina. Þannig getum við horft björtum augum á spennandi framtíð. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 17. júní 2021

Aldís Amah Hamilton í hlutverki fjallkonunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjallkonan fríð

sandragudrun@frettabladid.is

Fjallkonan er þjóðartákngervingur Íslands. Kventákngervingar þjóða birtast oft sem umhyggjusamar mæður sem vernda þjóð sína og arfleifð hennar. Sambærileg fyrirbrigði eru til dæmis Germanía í Þýskalandi og Brittanía á Bretlandi. Fyrst er vitað til þess að orðið fjallkona hafi verið notað í kvæði Bjarna Thorarensen, Íslands minni, sem hefst á eftirfarandi orðum: „Eldgamla Ísafold, ástkæra fósturmold, Fjallkonan fríð!“

Sú hefð hefur skapast að kona klædd skautbúningi flytji ávarp við hátíðahöldin 17. júní. Árið 1924 kom kona fyrst fram í gervi fjallkonunnar á Íslendingadeginum í Winnipeg. Fyrsta fjallkonan á Íslandi var Kristjana Milla Thorsteinsson. Hún átti að flytja ávarp á Þingvöllum árið 1944, en ekkert varð af því. Skýringin sem gefin var, var að veðrið væri orðið of slæmt. Margar konur höfðu beðið spenntar eftir fjallkonunni og gagnrýndu þessa ákvörðun og töldu að um óvirðingu væri að ræða og fjarvera fjallkonunnar væri táknræn fyrir ósýnileika kvenna við stjórn landsins.

Kröfurnar breytast

Yfirleitt hafa ungar leikkonur leikið hlutverk fjallkonunnar í Reykjavík en árið 2019 varð Aldís Amah Hamilton fyrsta fjallkonan í Reykjavík af erlendum uppruna. Undanfarin ár hefur krafan um fjölbreyttari konur, eða karla í hlutverki fjallkonunnar orðið sterkari. ■



Sigrún er mörgum að góðu kunn en hún stofnaði og átti íslenska hönnunarmerkið Gyðja Collection sem gerði það gott á sínum tíma. Hún segir skemmtilegt hvernig lífið breyti um stefnu og þróist út í eitthvað dásamlegt eins og líkamsmeðferðarstofuna The House of Beauty sem hún á. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fetar nýjar slóðir við uppbyggingu á bættri heilsu

Sigrún Lilja Guðjónsdóttir er konan á bak við líkamsmeðferðarstofuna The House of Beauty, sem nýlega er búið að stækka til að anna eftirspurn. „Það skemmtilegasta sem við gerum er að hjálpa fólki við að bæta heilsuna og auka sjálfstraustið,“ segir Sigrún Lilja. 2

Sigrún Lilja er hvað þekktust fyrir að hafa ung að aldri stofnað íslenska hönnunarmerkið Gyðju Collection og hannað fjöldann allan af vörum sem slógu í gegn hérlendis og víða um heim á sínum tíma. Hún á og rekur líkamsmeðferðarstofuna The House of Beauty, sem á stuttum tíma hefur orðið vinsæll viðkomustaður Íslendinga sem vilja bæta líkamlegt form og heilsu.

„Það er svo skemmtilegt hvernig lífið oft breytir um stefnu og þróast út í eitthvað dásamlegt eins og líkamsmeðferðarstofan The House of Beauty er fyrir mér í dag," segir Sigrún Lilja, sem nýverið fagnaði þriggja ára afmæli stofunnar og stækkun hennar.

Nýttu lokanir í Covid til að stækka meðferðarstofuna

„Fljótlega eftir að við opnuðum kom í ljós að húsnæðið var of lítið miðað við eftirspurn, þrátt fyrir rúman opnunartíma. Við erum með opið virka daga, frá morgni og oftast til klukkan 22.00 eða 23.00 á kvöldin og einnig um helgar. Samt var fjögurra vikna bið í meðferðir hjá okkur. Því var ákveðið að stækka stofuna og við nýttum tímann í COVID-lokunum til þess," segir Sigrún.

The House of Beauty er í Fákafeni 9 og líkamsmeðferðarstofan er öll hin glæsilegasta. Kristalsljósakrónur, speglaflísar og glamúrlúkk með klassísku ívafi, skapa þægilegt og afslappað andrúmsloft. „Sköpunargáfan fékk að njóta sín töluvert í þessu verkefni. Ég lét sérframleiða fyrir mig húsgögn erlendis og einnig lét ég sérframleiða speglaflísar sem prýða stóra veggi á göngum stofunnar," segir Sigrún.

Árangur viðskiptavina hefur þótt mikill og vakið eftirtekt

„Við þrýstum ekki á fólk að birta myndirnar af sér og fara margir í gegn með glæstan árangur sem aðeins þeir vita af. Það fylgir bara trúnaðinum og er algjörlega eðlilegt miðað við það sem við sérhæfum okkur í, sem eru líkamsmeðferðir. En svo eru alltaf sumir sem eru til í að leyfa okkur að birta myndirnar og leyfa fólki að sjá hvað við erum að gera alla daga og okkur þykir mjög vænt um það," segir Sigrún.

Ein af nýjustu árangurssögunum er frá Kristínu Ósk Wium. „Hún var svo mikil dásemd að leyfa okkur að birta myndirnar hennar undir nafni. Sögur eins og Kristínar eru ástæða þess að við erum alltaf tilbúin að leggja hart að okkur við að aðstoða viðskiptavini af fremsta megni til að ná hámarksárangri. Slagorðið okkar er: „Þinn árangur er okkar markmið." Það má með sönnu segja að við viljum að þeir sem komi til okkar nái árangri," segir Sigrún.

Undrameðferðin sem hjálpar mörgum gigtarsjúklingum

„Ein af okkar allra vinsælustu meðferðum er Lipomassage Silklight, ein öflugasta sogæðameðferð sem hægt er að komast í. Fyrir utan að hafa gríðarlega öflug áhrif á mótun líkama, appelsínuhúð, bjúgsöfnun og staðbundna fitu, þá er þetta meðferðin sem margir kjósa að fara í til að halda niðri verkjum, til dæmis vegna gigtar- eða stoðkerfisvandamála. Við fáum marga gigtarsjúklinga til okkar vikulega sem ná að halda niðri verkjum með því að koma í þessa meðferð. Lipomassage meðferðin bætir blóðflæði og dregur úr bólgum og bjúg. Það skemmtilegasta við starfið er að sjá fólk ná góðri heilsu á ný. Eftir að hafa sjálf misst heilsuna og hafa þurft að berjast fyrir því að ná henni aftur þá fyrst gerði ég mér grein fyrir því hversu dýrmæt heilsan er. Ég brenn fyrir því að aðstoða fólk við að byggja upp heilsuna og þessi meðferð er þar gríðarlega öflugt tæki, enda skipta jákvæðar reynslusögur í dag örugglega hundruðum," segir Sigrún.

„Eftir lokanir í COVID þráir fólk að koma heilsunni og líkamsforminu í lag. Því settum við saman sérvalda Makeover-pakka á einstökum kjörum," segir Sigrún.
MYND/SIGTRYGGUR ARI

Ein vinsælasta meðferðin hjá The House of Beauty er Lipomassage Silklight, öflug sogæðameðferð sem mótar líkamann og hjálpar til við að halda niðri verkjum, til dæmis vegna gigtar eða stoðkerfisvandamála. MYND/AÐSEND

Myndirnar eru teknar í janúar og mars á þessu ári. MYND/AÐSEND

Reynslusaga Kristínar Óskar Wium

„Í janúar var ég að gefast upp á sjálfri mér og fannst ég þung bæði andlega og líkamlega. Ég var búin að íhuga alls konar leiðir, til dæmis magaaðgerðir og fitusog. Svo sá ég viðtal við Sigrúnu og ákvað að kynna mér meðferðinar hjá The House of Beauty. Ég fór í mælingu og ráðgjöf og keypti mér tíma í Velashape og í Silk – og þá var ekki aftur snúið. Ég fór tvisvar í viku í meðferðina. Eftir 5 vikur voru 37 cm farnir og ég orðin tíu kílóum léttari. Andlega hliðin er allt önnur. Ég hlakka til að mæta í tímana, bæði vegna þess að árangurinn hefur verið svo frábær en ekki síður vegna yndislegu stúlknanna sem þarna vinna. Takk fyrir mig – þið losnið aldrei við mig."

Sumar-makeover

Vinsælustu pakkarnir hjá The House of Beauty eru svokallaðir Makeover- pakkar þar sem viðkomandi mætir í valdar meðferðir nokkrum sinnum í viku í nokkrar vikur með ákveðið markmið í huga. „Við erum til dæmis með Húð- og styrkingar-makeover, Húð- og grenningar-makeover, Heilsueflingu og Tummy tuck sem dæmi. Eftir lokanir í Covid þráir fólk að koma heilsunni og líkamsforminu í lag fyrir eða jafnvel í sumarfríinu. Því settum við saman sérvalda Sumar-Makeover-pakka á einstökum kjörum sem eru eingöngu fáanlegir í takmarkaðan tíma. Til að aðstoða fólk við að finna hvaða meðferð eða pakki hentar best bjóðum við upp á fría mælingu og ráðgjöf án allra skuldbindinga," segir Sigrún og heldur áfram: „Árangur er alltaf persónubundinn og er samstarfsverkefni meðferðaraðila og viðskiptavinar. Við gefum tækin, tólin og góð ráð en svo er það á ábyrgð viðkomandi að fara eftir leiðbeiningum til að aðstoða við útkomu meðferðanna."

Ekki krafa um hreyfingu eða sérstakt mataræði

„Við gerum enga sérstaka kröfu um hreyfingu eða mataræði, enda eru þeir sem koma til okkar eins misjafnir og þeir eru margir. Sumir geta einfaldlega ekki hreyft sig og þurfa því aðstoð okkar til að byggja líkamann upp. En við gefum góð ráð hvað varðar til dæmis vatnsdrykkju, gufu, góða næringu og ýmis önnur trix til að bæta heilsuna og hjálpa við að hámarka árangur hvers og eins. Svo hvetjum við viðskiptavini til dáða í ferlinu og það hefur alltaf jákvæð áhrif líka," segir Sigrún.

En eru meðferðir The House of Beauty fyrir alla?

„Nei er stutta svarið. Þumalputtareglan er sú að þinn árangur er okkar markmið. Ef tilskilinn árangur næst ekki fljótlega eftir að prógramm hefst er mikilvægt að láta meðferðaraðila vita svo hægt sé að gera breytingar á prógramminu. Við erum eins misjöfn og við erum mörg og líkami okkar bregst mismunandi við. Fókusinn hjá okkur er ekki sá að viðskiptavinir missi ákveðinn fjölda kílóa heldur aðstoðum við þá við að vinna á staðbundnum breytingum á fitusöfnun, slappri húð, bjúg, bólgum, slitum og ýmsu öðru. Við fókusum frekar á að árangur sjáist með berum augum og á myndum heldur en að missa ákveðinn fjölda kílóa. Árangur byggist á samstarfi meðferða, meðferðaraðila og viðskiptavinar," segir Sigrún Lilja að lokum. ■

Nánari upplýsingar um Sumar-Makeover-pakkana, bókun í fría mælingu og ráðgjöf er að finna á vefsíðunni www.thehouseofbeauty.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Skoðið // www.hjahrafnhildi.is

Þetta eru dásamleg föt

Guðrún Hildur Rosenkjær klæðskeri, kjólameistari og sagnfræðingur, hefur mikla þekkingu á íslenskum þjóðbúningum en hún hefur saumað slíka búninga í aldarfjórðung og kennir öðrum þá list.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Prúðbúnir nemendur og gestir við útskrift fyrr í mánuðinum, í fjölbreyttum búningum.

Þau Guðrún Hildur, oftast kölluð Hildur og eiginmaður hennar Ásmundur Kristjánsson, reka fyrirtækið Annríki sem sérhæfir sig í íslenskum þjóðbúningum, en þar er hægt að fara á námskeið í að sauma þjóðbúninga.

Hildur er klæðskeri, kjólameistari og sagnfræðingur með mikla þekkingu á íslenskum þjóðbúningum. Á námskeiðum Annríkis er kennt að sauma hefðbundna þjóðbúninga frá 19. og 20. öld, peysuföt og upphlut auk herrabúninga, en einnig er boðið upp á þriggja ára námskeið þar sem kennt er að sauma faldbúninga og skautbúninga.

„Það tekur langan tíma að sauma faldbúninga og skautbúninga. Það er svo mikið handverk og miklar skreytingar. Þetta eru samt mjög vinsælir búningar og konur eru alveg að koma á þessi þriggja ára námskeið til að sauma þá," segir Hildur.

Hún segir að 20. aldar upphlutur og peysuföt séu þó alltaf vinsælust. Hún hefur tekið eftir gríðarlega auknum áhuga á þjóðbúningum frá því hún fór að sauma þá fyrir 25 árum síðan.

„Áhuginn hefur alltaf verið frekar upp á við. En það sem er svo ánægjulegt núna er að það eru að koma nýjar kynslóðir, ungar konur um tvítugt og rúmlega það, sem vilja sauma sér búning. Það fer bæði mikil vinna og tími í þetta og það kostar alveg heilmikið að sauma sér búning, en þessar konur eru yfirleitt búnar að safna fyrir þessu og alveg búnar að leggja það niður fyrir sér hvernig þær ætla að gera þetta. Það er mjög athyglisvert og skemmtilegt," segir Hildur.

Margir nýta gamla búninga

Hildur segir að algengt sé að til sé skart í fjölskyldum, til dæmis á upphluti og fólk saumi sér því oft búning og noti það skart sem er til.

„Fötin eru þá kannski alveg búin. Jafnvel orðin 100 ára og slitin og passa ekki á neinn. En skartið má alltaf gera upp og nota," segir hún og bætir við að Ási eiginmaður hennar sé gullsmiður og smíði víravirki og sé einnig mikið að gera við og lagfæra þjóðbúningaskart.

Hildur segir að þar sem margir eigi gamla búninga frá 20. öld frá ömmum og langömmum sem fólk vill nýta að einhverju leyti, sé vinsælast að sauma slíka búninga.

„Þetta eru búningar sem voru notaðir hversdagslega snemma á 20. öld. En faldbúningarnir eru aftur á móti endurgerðir af miklu eldri búningum, frá 18. og 19. öld. Þeir eru því meira ævintýri. Það er líka vinsælt að sauma herrabúninga en það eru ekki til margar tegundir til af þeim, eins og maður sér stundum í Noregi og víðar. Íslensku herrabúningarnir voru ekki svona mikið skreyttir. Það var meira um það hér á Íslandi að karlmenn skreyttu konurnar sínar," útskýrir Hildur en bætir þó við að allur fatnaður þróist auðvitað í gegnum árin og herrabúningarnir hafi gert það líka.

„Vandi okkar er að það er ekki til eins mikið af heimildum um þá. Það er ekki eins mikið af varðveittum munum. Faldbúningarnir voru náttúrulega svo ofboðslega fallegir og miklir, þess vegna voru þeir settir á söfn. Herrabúningarnir voru oftar notaðir upp til agna svo það var ekkert eftir af þeim til að varðveita. En það er alveg fjölbreytileiki í þeim, hann felst þá meira í efnunum og litunum en ekki í útsaumi."

Hildur segir að það hafi aukist að bæði konur og karlar klæðist þjóðbúningum á þjóðhátíðardaginn.

„Að sauma búninga verður oft svona fjölskylduverkefni. Þetta er gert til að hafa gaman af. Svo eru þetta bara dásamleg spariföt." ■

Hjónin Hildur og Ási í íslenskum þjóðbúningum.
MYNDIR/AÐSENDAR

> **Það sem er svo ánægjulegt núna er að það eru að koma nýjar kynslóðir, ungar konur um tvítugt og rúmlega það, sem vilja sauma sér búning.**
>
> Guðrún Hildur Rosenkjær.



PRADA
LUNA ROSSA
CARBON
PRADA
CARBON
Prada fæst í Smáralind, Kringlu, Garðabæ og Akureyri
20% AFSLÁTTUR AF PRADA ILMUM
DAGANA 17. - 23. JÚNÍ
HAGKAUP
Snyrtivara

Marengsrúlluterta í þjóðhátíðarbúningi

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@frettabladid.is

Í tilefni þjóðhátíðardagsins í dag er upplagt að bjóða upp á hátíðlegt þjóðhátíðarkaffi og halda upp á daginn með vinum. Gaman er að skreyta heimilið og garðinn með fánum og fánalitum og gera hinu þjóðlega yfirbragði hátt undir höfði.

Una Dögg Guðmundsdóttir er mikill áhugabakari og elskar að baka kökur fyrir hver kyns tilefni. Una er 35 ára Seltirningur og á tvær yndislegar stelpur og svo er von á litlum strák á næstu vikum. Unnusti Unu er Árni Þór Ragnarson. Una heldur úti Instagramsíðunni @una_bakstur og deilir þar uppskriftum fyrir áhugasama. Einnig er Una starfandi í markaðsdeild Heimkaupa og nú í þessari viku fór af stað skemmtileg hugmyndavinna á bak við uppskriftir Unu.

Krakkanesti Unu nýjung

„Ég deili alls konar skemmtilegum hugmyndum þar, svo sem Krakkanesti, kvöldmat, partí- og pinnamat fyrir veislur og ýmiss konar gómsætum uppskriftum af kökum. Það er svo gaman að starfa hjá Heimkaup og aðstoða fólk við að einfalda líf þeirra. Núna getur fólk farið á netið og keypt allt fyrir uppskriftir og fengið sent heim til sín innan tveggja tíma," segir Una.

Býður fjölskyldu og vinum í þjóðhátíðarkaffi

Una heldur mikið upp á 17. júní. „Ég elska þennan dag, sérstaklega þegar veðrið er gott. Ég hef haft það sem vana að kíkja niður í miðbæ og kanna menninguna á þessum skemmtilega hátíðardegi okkar Íslendinga. Þjóðhátíðardagurinn verður kannski aðeins öðruvísi í ár þar sem að ég er að fara að eignast mitt þriðja barn á næstu dögum. Ætli við fjölskyldan kíkjum ekki í sundlaugina ef veður leyfir og svo finnst mér líklegt að ég bjóði fjölskyldu og vinum heim í kaffi og kræsingar. Sennilega best að sleppa miðbæjargöngunni þegar maður er rétt að fara að eignast barn, það er allavega aðeins erfiðara núna miðað við síðustu ár."

Una er búin að ákveða þjóðhátíðarkökuna í ár sem hún ætlar að bjóða með kaffinu og það má búast við að hún muni fuðra upp ofan í gestina á örskammri stundu. Hér er um að ræða algjöra sælkerabombu sem enginn mun standast. „Þjóðhátíðarkakan í ár verður mjúkur marengsbotn rúllaður upp

Una Dögg bíður eftir gestunum með þessa glæsilegu þjóðhátíðartertu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tertan er sannarlega girnileg. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

með rjóma, ferskum ávöxtum og himnesku banana Nóa kroppi, sem sagt Marengsrúlluterta í hátíðarbúningi," segir Una sem nýtur þess í botn að töfra fram sælkerakökur sem gleðja bragðlaukana.

Marengsrúlluterta í hátíðarbúningi

- 4 eggjahvítur
- 200 g sykur
- 2 tsk. vanilludropar
- 1 banani
- 200 g jarðarber
- 150 g bláber
- 400 ml rjómi
- 150 g Nóa Síríus banana Nóa kropp

1. Byrjið á að stilla ofninn á 150°C.
2. Klæðið bökunarplötu með bökunarpappír.
3. Þeytið eggjahvítur þar til þær fara að freyða vel og hellið sykrinum hægt og rólega saman við, vanilludroparnir fara svo næst saman við. Þeytið vel saman eða þar til að stíf marengsblanda myndast.
4. Hellið marengsblöndunni á bökunarpappírinn og sléttið vel úr.
5. Bakið í 25 mínútur, takið út úr ofninum og látið kólna.
6. Á meðan marengsinn er að kólna er upplagt að byrja á fyllingunni.
7. Þeytið rjóma og að lokum eru ávextirnir (niður skornir) og Nóa kroppið sett saman við rjómann.
8. Bræðið súkkulaðið í vatnsbaði.
9. Snúið marengsbotninum varlega við svo að botninn snúi upp, leggið rjómann ofan á ásamt helmingnum af súkkulaðiblöndunni.
10. Rúllið botninum varlega upp í rúllu, gott að rúlla honum upp með hjálp bökunarpappírsins.
11. Hellið restinni af súkkulaðinu yfir ásamt ferskum berjum og smá Nóa kroppi.
12. Geymist í kæli í um 2 klukkustundir áður en borið fram.

Svo er einstaklega gaman að skreyta kaffihlaðborðið á þjóðlegan hátt og kalla fram 17. júní stemninguna. ■

Fimmtudaginn **24. júní** gefur Fréttablaðið út sérblaðið

HÚÐ & HÁR

Við skoðum heim snyrtivara og komum með góð ráð.

Boðið verður upp á flott viðtöl og fróðlega umfjöllun þar sem umhirða húðar og hárs er í forgrunni.

Tryggðu þér auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Arnar Magnússon, sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

IVY BEAU sumarkjóll
Stærðir 38-48
Verð kr.8.980

IVY BEAU hlýrakjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 9.980

YESTA pífukjóll
Stærðir 44-56
Ver kr. 10.980

ZE-ZE sumarkjóll
Stærðir 38-48
Verð kr.9.990

YESTA Sumarkjóll
Stærðir 44-56
Verð kr.12.980

Gleðilega þjóðhátíð

YEST/YESTA röndótt skyrta
Stærðir 36-56
Verð kr.10.9810

SUNDAY stuttermakjóll
Stærðir 40-52
Verð kr.16.980



YESTA Alicia hlýrabolur
Fæst í nokkrum litum
Stærðir 44-60
Verð kr.5.980

ZHENZI Gallaskokkur
Stærðir 42-56
Verð kr. 14.980

FRANDSEN léttúlpa/vendingur
Fæst líka í svörtu
Stærðir 40-52
Verð kr.34.980

Flott sumarföt fyrir flottar konur

YEST/YESTA Stuttermaskyrta
Stærðir 36-54
Verð kr.13.980

YESTA Opin peysa með hettu
Stærðir 44-56
Verð kr.13.980

ZE-ZE hettupeysa
Stærðir 38-48
Verð kr.12.990

YESTA Gallajakki
Stærðir 44-60
Verð kr. 12.980

Duffel sporttaska
Fæst líka í bleiku og svörtu
Verð kr. 5.990

JANA sandalar
Fást í fleiri litum
Stærðir 37-42
Verð kr. 10.990

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPA R I bíll

Nýr Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. 1 milljón undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.790.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

Bátar

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarður 3 • S: 552-9940
9,9hp 299.000.kr

SAIL®
Gerið verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Þjónusta

Garðyrkja

SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR

SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

Búslóðaflutningar

Gef tilboð í búslóðaflutninga í öllum stærðum. Áratuga-reynsla. Guðmundur. 864-7896

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

RUNARMURARI.IS
Tröppuviðgerðir, Húsaviðgerðir, Þakmálning, Málning o.m.fl. runarmur@gmail.com S. 7743800

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Gítarar og hljómborð
í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heimilið

Dýrahald

Ein læða til sölu 3ja mán (20þús) Uppl. í s. 857 7290 e. kl. 13:00.

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

Til leigu eða sölu 50 m2 bil + milliloft. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 109 þús. S: 661-6800

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Hafdals hótel við Akureyri

Nýlegt hótel, stór og góð herbergi. fallegt útsýni. 7. mín. akturssfjarðlægð frá miðbæ Akureyrar.
Bókanir á www.hafdals.is
Sími 898 8347

Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER

5 ÁRA ÁBYRGÐ

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförnum árum.

COVER FINNSK GÆÐI Í 35 ÁR — NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625
Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir - fyrir smágröfur

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?

HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

PLAY

Auglýsing

Hlutafjárútboð

Útboðin hefjast fimmtudaginn 24. júní

Hlutafjárútboð ***FLY PLAY hf.*** munu standa yfir frá kl. 10:00, fimmtudaginn 24. júní nk. og ljúka kl. 16:00 föstudaginn 25. júní. ***PLAY*** býður til kynningarfundar í tengslum við útboðin, þriðjudaginn 22. júní kl. 8:30. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi sem nálgast má á vef ***PLAY***. Hlekk á vefstreymið verður jafnframt að finna á útboðsvef Arctica Finance og vefsíðu Arion banka.

Boðnir verða til sölu samtals 221.906.800 hlutir að nafnverði í formi nýrra hlutabréfa í ***FLY PLAY hf.***

Tekið verður við tilboðum á útboðstímabilinu í gegnum áskriftarvef Arctica Finance, arctica.is/play. Hlekkur á áskriftarvefinn verður jafnframt að finna á vefsíðu ***PLAY*** og Arion banka.

Tveir áskriftarmöguleikar eru í boði, í sitthvoru útboðinu, með þátttöku í áskriftarleið A og áskriftarleið B, sem eru ólíkar er varðar stærð áskrifta og úthlutun.

	ÁSKRIFTARLEIÐ A	ÁSKRIFTARLEIÐ B
Tilboðsverð	Fast verð 18 kr./hlut	Tilboð gerð innan verðbilsins 18-20 kr./hlut. Salan fer fram á föstu verði, sem ákvarðast jafnt og það lægsta af samþykktum tilboðum (hollenskt útboð)
Stærð útboða 3,99- 4,31 ma.kr. að söluvirði[1]	**Um 1,15 ma.kr. að söluandvirði** 64.000.000 hlutir (um 29% af heild)	**Um 2,84 – 3,16 ma.kr. að söluandvirði** 157.906.800 hlutir (um 71% af heild)
Stærð áskrifta	Áskriftir að fjárhæð 100 þ.kr. – 20 m.kr.	Áskriftir að fjárhæð yfir 20 m.kr.
Meginreglur varðandi úthlutun[2]	Leitast verður við að skerða ekki áskriftir undir 500 þ.kr. Ef til umframeftirspurnar kemur verður skerðing hlutfallsleg	Samþykki tilboða verður ákvarðað á grundvelli tilboðsverðs. Útgefandi áskilur sér rétt til að ákveða úthlutun einhliða

Áætlað er að niðurstöður útboðanna verði tilkynntar föstudaginn 25. júní 2021 og niðurstöður úthlutunar þann 28. júní 2021. Gjaldagi og eindagi áskrifta er áætlaður 5. júlí 2021.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðunum er skuldbindandi. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum í ***FLY PLAY hf***. skulu fjárfestar kynna sér alla skilmála útboðsins og upplýsingar um ***FLY PLAY hf.***, sem finna má í fjárfestakynningu ***FLY PLAY hf.***, sem dagsett er 14. júní 2021, auk annarra gagna, fyrirvara og upplýsinga sem birt eru í tengslum við útboðin og fyrirhugaða skráningu á Nasdaq First North Iceland. Frekari upplýsingar má finna á vef umsjónaraðila, arctica.is/play.

Upplýsingar og aðstoð vegna áskriftarleiða veita:

Arctica Finance
Umsjónar- og söluaðili
513-3300
play@arctica.is
arctica.is/play

Arion banki
Söluaðili
444-7000
play@arionbanki.is
arionbanki.is

1. Útgefandi áskilur sér rétt til minnka stærð áskriftarleiðar A til að tryggja að stærð útboðsins verði undir jafnvirði 8 milljóna evra í íslenskum krónum. Breytingar á gengi gjaldmiðla gætu haft áhrif á fjölda hluta sem boðinn verður eða seldur í áskriftarleið A. Útgefandi áskilur sér rétt til að breyta innbyrðis stærð áskriftarleiðanna, með stækkun annarrar áskriftarleiðar á kostnað hinnar, eftir því sem eftirspurn kann að gefa tilefni til og til að þjóna sem best markmiðum útboðanna.

2. Útgefandi áskilur sér rétt til að víkja frá framangreindum grunnviðmiðum um úthlutun með skerðingu áskrifta og framkvæma úthlutun á grundvelli viðmiða sem útgefandi telur æskileg eða eftirsóknarverð til að þjóna markmiðum útboðanna sem best, þ.m.t. með því að hafna einstaka áskriftum í heild eða að hluta, án frekari viðvörunar eða rökstuðnings. Útgefandi mun leitast við að tryggja úthlutun til þeirra starfsmanna sem taka þátt í útboðinu.

Már og Bergrún Ósk keppa fyrir hönd Íslands í Tókýó í haust.

Fjórir nú komnir með farseðil á ÓL

hjorvaro@frettabladid.is

ÓLYMPÍULEIKAR Stjórn Íþróttasambands fatlaðra hefur valið þá fjóra einstaklinga sem verða fulltrúar Íslands á Paralympics í Tókýó í haust. Frjálsíþróttafólkið Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir og Patrekur Andrés Axelsson frá FH og svo sundfólkið Már Gunnarsson frá ÍRB og Thelma Björg Björnsdóttir frá ÍFR fara fyrir hönd Íslands til Tókýó.

Af þeim fjórum keppendum sem valdir hafa verið til verkefnisins eru Bergrún, Már og Patrekur öll að fara að keppa á sínum fyrstu leikum, en Thelma Björg synti fyrir Íslands hönd í Brasilíu árið 2016. .

Það er enn von um að Ísland geti sent fleiri keppendur til Tókýó.Þorsteinn Halldórsson gæti komist inn á leikana með góðum árangri í lokaúrtökumóti fyrir ÓL. Þorsteinn keppti fyrstur Íslendinga í bogfimi á Paralympics í Ríó árið 2016. ■

Eiður heldur sig til hlés um tíma

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen er kominn í tímabundið leyfi frá störfum sem þjálfari A-landsliðs karla eftir að myndband af honum undir áhrifum áfengis í miðbænum fór í dreifingu. Eiður mun snúa aftur í verkefni landsliðsins í haust og virðist axla fulla ábyrgð á hegðun sinni.

„Það að vera fyrirmynd þýðir ekki að ég sé fullkominn, ég er mannlegur. Stundum tökum við rangar ákvarðanir, sýnum af okkur dómgreindarleysi og gerum mistök, og þá sérstaklega þegar áfengi spilar inn í. Á lífsleið okkar þurfum við öll að taka á ýmsum persónulegum málum, og ég mun svo sannarlega taka á mínum," segir Eiður Smári. ■

Ronaldo hefur áður lýst yfir óánægju sinni með gosneyslu elsta sonar síns, Cristianos yngri, en hann var um tíma eitt af andlitum Coca Cola. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mun enda sem stormur í kókglasi

Cristiano Ronaldo lækkaði virði hlutabréfa Coca Cola um tæp tvö prósent með nokkurra sekúndna gjörningi sem vakti gríðarlega athygli. Björn Berg Gunnarsson segir þetta til marks um þau áhrif sem stórstjörnur hafa á afkomu stórfyrirtækja.

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Uppátæki portúgalska knattspyrnumannsins Cristianos Ronaldo á blaðamannafundi í kringum leik portúgalska liðsins í lokakeppni Evrópumótsins, þar sem hann færði Coca Cola flöskur sem stillt hafði verið upp fyrir framan hann og hvatti áhorfendur til þess drekka vatn í stað kóks, vakti alheimsathygli.

Hvatning Ronaldos varð til þess að virði hlutabréfa Coca Cola lækkaði um tæp tvö prósent eða um 500 milljarða íslenskra króna. Þetta sýnir svart á hvítu áhrif stórstjarna og annarra áhrifavalda á afkomu fyrirtækja.

„Það er alveg klárt mál að uppátæki Ronaldos hefur bein áhrif á hlutabréfaverð Coca Cola og það er mjög athyglisvert. Þess ber hins vegar að geta að það er ekkert óeðlilegt að hlutabréfaverð Coca Cola sveiflist á milli daga, það gerist reglulega og ekki er víst að þetta hafi marktæk áhrif til lengri tíma.

Aftur á móti er það eftirtektarvert hversu mikil áhrif stórstjörnur hafa og hversu fyrirtæki eru berskjölduð fyrir því sem þær ákveða að gera," segir Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri greiningar Íslandsbanka.

Fyrirtækin eru berskjölduð

„Það má ekki gleyma því að þetta er ekki bara einhver stórstjarna. Þetta er Ronaldo, sem er með um það bil hálfan milljarð fylgjenda á samfélagsmiðlum og er gríðarlega stór stjarna með stuðningsmenn sem taka hann mjög alvarlega. Það að hann geri þetta með jafn skýrum hætti og á jafn stóru sviði, gerir þetta enn áhrifaríkara en ella.

Það er fróðlegt að sjá að nokkurra sekúndna gjörningur Ronaldos, hvort sem hann var fyrir fram ákveðinn eða ekki, hafi svona mikil áhrif. Þó þetta veki óneitanlega athygli á vörumerkinu, sem í sjálfu sér getur verið jákvætt, er ekki útilokað að fylgjendur hans og aðdáendur taki þessu sem skýrum skilaboðum," segir Björn Berg.

„Þarna sjáum við líka ástæðu þess að fyrirtæki eru í meira mæli að nota áhrifavalda til þess að auglýsa vörur sínar. Það hefur bein áhrif á fólk að sjá hvaða vörur stórstjörnur segjast velja frekar en aðrar. Þetta er hvorki í fyrsta né síðasta skipti sem stórstjörnur hafa áhrif á það hvernig stórfyrirtækjum vegnar til skamms tíma litið.

Coca Cola brást hárrétt við

Viðbrögð Coca Cola, að senda út hófstemmda yfirlýsingu, sem var afar innihaldsrýr, sýnir að fyrirtækið ætlar sér ekki í þennan slag, enda lítið upp úr því að hafa. Það væri alls ekki þeim til framdráttar að hjóla í Ronaldo eða setja fram á sjónarsviðið einhverja aðra stórstjörnu sem mærir vöru þeirra í andstöðu við portúgölsku fótboltahetjuna.

Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri í greiningardeild Íslandsbanka

Þeir munu bara nota þá taktík held ég að láta þetta atvik gleymast og vonast til þess að þetta hafi bara verið stormur í kókglasi og hluthafar tapi ekki á þessu. Bréfin hafa jú hækkað síðan þá, þannig að tap hluthafanna verður ekki jafn mikið og fram kom í fyrstu fréttum fjölmiðla um málið.

Þetta sýnir okkur þó áhrifamátt stórstjarnanna. Svona dæmi styrkja væntanlega enn frekar samningsstöðu þeirra við gerð auglýsingasamninga og sýna fyrirtækjum hve gífurleg áhrif skærustu stjörnurnar hafa. Samstarf við slíka aðila getur eðlilega haft mikil áhrif á fjárhag fyrirtækja," segir sérfræðingurinn um fjármál í íþróttum. ■

Þurfum núna að taka næsta skref í gagnagreiningu okkar

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Sívaxandi þáttur í utanumhaldi fótboltaliða er taktísk greining út frá upptökum á æfingum og leikjum liða, leikgreining og ýmiss konar gagnagreining.

Arnar Þór Viðarsson segir að þegar hann tók við sem yfirmaður knattspyrnumála hjá knattspyrnusambandi Íslands, KSÍ, árið 2019 hafi staða mála verið greind hvað þennan hluta varðar hjá sambandinu.

Þá hafi komið í ljós að þessu var töluvert ábótavant og síðan þá hafi verið stigin skref í átt til þess að bæta úr því.

„Það var alveg ljóst að við þurftum að bæta þennan þátt svo um munaði til þess að dragast ekki aftur úr með þróun okkar fótboltamanna.

Fyrsta skrefið var að útvega okkur búnaðinn og nú eru allir vellir liðanna í Pepsi Max-deildinni komnir með myndavél sem getur tekið upp efni sem nýst getur við taktíska greiningu og tölfræðiúrvinnslu úr leikjum," segir Arnar Þór.

„Félögin í Pepsi Max-deildinni eru svo komin með aðgang að sams konar GPS-vestum og VEO myndavélum og úrvinnsluforriti þannig að nú eru þau gögn og þær tölur sem félögin vinna með samanburðarhæf.

Þá er aðbúnaðurinn hjá landsliðunum orðinn umtalsvert betri en hann var þegar ég hóf störf hjá KSÍ," segir landsliðsþjálfarinn enn fremur.

„Næsta skref er svo að þjálfa íslenska einstaklinga, bæði þjálfara og aðra sem hafa áhuga á þessum hluta þjálfunar, í því að geta unnið fyrir félögin og landsliðin okkar.

Hjá A-landsliðinu til að mynda erum við Tom Joel sem sér um líkamlega þjálfun á leikmönnum og úrvinnslu gagna hvað líkamlegt atgervi leikmanna varðar.

Arnar Þór Viðarsson, þjálfari A-landsliðs karla. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Við tökum upp allar æfingar liðsins og það sama á við um yngri landsliðið, og greinum þær og förum yfir með leikmönnum. Svo höfum við auðvitað aðgang að okkar eigin leikjum.

Við kaupum hins vegar taktískan leikgreiningarpakka á andstæðingum okkar sem við notum með okkar eigin leikgreiningu sem við gerum sjálfir," segir Arnar Þórm, sem mun mæta á leiki Þýskalands og Norður-Makedóníu á EM til þess að greina þau lið fyrir komandi leiki liðanna í undankeppni HM 2022.

„Það er hins vegar draumurinn að geta verið með íslenskan leikgreinanda í teyminu okkar og það er ekkert launungarmál að við ræddum við Bjarka Má Ólafsson um að taka það starf að sér þegar við vorum að mynda teymið í kringum A-landsliðið í janúar fyrr á þessu ári, en hann var ekki laus á þeim tímapunkti.

Ég fagna þeirri umræðu sem Bjarki Már hefur sett af stað um leikgreiningu og gagnagreiningu hér heima og því framtaki hans að leiða saman þá sem hafa áhuga á þessu og halda námskeið og fyrirlestra. Þetta er eitthvað sem við munum taka inn í þjálfaranámskeið KSÍ í meira mæli í framhaldinu.

Þá er það mikið gleðiefni að Skagamaðurinn Arnór Snær Guðmundsson hafi nýverið samið við Noregsmeistara Bodö/Glimt um að starfa sem fitnessþjálfari í akademíu meistaranna.

Við viljum fjölga í flóru þeirra sem sérhæfa sig á þessu sviði og við erum að vona að samstarf KSÍ og Háskólans í Reykjavík, um mælingar á leikmönnum yngri landsliðanna okkar, leiði af sér fjölgun á sérhæfðum þjálfurum í líkamlegu atgervi og gagnagreiningu," segir yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ.■

GLEÐILEGAN ÞJÓÐHÁTÍÐARDAG!

ISLANDUS 44 MM
HVÍT SKÍFA MEÐ BREGUET VÍSUM
OG SVARTRI ÓL ÚR STRÚTSLÖPP

ISLANDUS 44 MM
SVÖRT SKÍFA MEÐ HVÍTUM
BREGUET VÍSUM OG STÁLKEÐJU

ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

GILBERT Ó. GUÐJÓNSSON ÚRSMÍÐAMEISTARI OG ALÞEKKTUR FAGMAÐUR GRANDSKOÐAR HVERT EINSTAKT ÚR ÁÐUR EN ÞAÐ YFIRGEFUR VERKSTÆÐI OKKAR. JS ÚRIN ERU ÍSLENSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA, SETT SAMAN Á ÚRSMÍÐAVERKSTÆÐI GILBERTS, ÞAR SEM VIÐSKIPTAVINIR GETA KOMIÐ OG HITT ÚRSMIÐINA SEM SETJA SAMAN ÚRIN ÞEIRRA.

ÚRVALIÐ AF JS ÚRUM HEFUR ALDREI VERIÐ MEIRA OG ÆTTU FLESTIR AÐ GETA FUNDIÐ ÍSLENSKT ÚR VIÐ SITT HÆFI EN ÚRVALIÐ MÁ SKOÐA Á VEFSÍÐU WWW.GILBERT.IS EÐA WWW.JSWATCH.COM.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á
WWW.JSWATCH.COM

JS Watch co.
REYKJAVIK

TÍMAMÓT

FRÉTTABLAÐIÐ

17. júní 2021 FIMMTUDAGUR

Merkisatburðir

1974 Kapella til minningar um Jón Steingrímsson eldklerk er vígð á Kirkjubæjarklaustri.
1975 Sumar á Sýrlandi, fyrsta plata Stuðmanna, kemur út.
1977 Höggmyndin Alda aldanna eftir Einar Jónsson myndhöggvara frá Galtafelli í Hrunamannahreppi er afhjúpuð á Flúðum.
1980 Ísbjarnarblús, fyrsta plata Bubba Morthens, kemur út.
1985 Höggmynd til minningar um Guðríði Símonardóttur, Tyrkja-Guddu, er afhjúpuð í Vestmannaeyjum.
2000 Jarðskjálfti, 6,5 stig á Richter, skekur Suðurland.

†

Ástkær faðir okkar,

Bragi Níelsson

læknir,

lést á Dvalarheimilinu Höfða á Akranesi sunnudaginn 13. júní 2021. Útför hans verður auglýst síðar.

Árni Bragason
Röðull Bragason
Baldur Bragason
Margrét Bragadóttir
og fjölskyldur.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigríðar Friðrikku Jónsdóttur

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Seltjarnar og Landspítalans í Fossvogi fyrir ómetanleg störf og umhyggju.

Rebekka G. Gundhus
Anna Ólafía Guðnadóttir
Arnfríður Lára Guðnadóttir
Kristín Guðnadóttir
Jóna Björk Guðnadóttir
Anders Gundhus
Viðar Böðvarsson
Sveinbjörn Lárusson
Einar Vignir Sigurðsson
Jón Marinó Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Margrét Þorgeirsdóttir

Mosgerði 23, Reykjavík,

lést mánudaginn 14. júní. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 23. júní, kl. 13.

Gunnhildur Óskarsdóttir
Katrín Óskarsdóttir
Pétur Árni Óskarsson
Sumarliði Óskarsson
Þorgeir Óskarsson
Ingiríður Brandís Þórhallsdóttir
Hafsteinn Óskarsson
Margrét Dröfn Óskarsdóttir
Gunnar Guðlaugsson
Jakobína Sveinsdóttir
Elín Ruth Reed
Erla Þorsteinsdóttir
Sigurrós Erlingsdóttir
Viktor Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,

Sigríður Sjöfn Guðbjartsdóttir

frá Melshúsum í Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 11. júní síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 23. júní kl. 13.00. Einnig verður sent út netstreymi frá youtu.be/BYXL0WzlOJs
Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

Magni Kristjánsson
Kristján Magnason
Bryndís Magnadóttir
Lilja Jóna Halldórsdóttir
Magnús Blöndal
barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

Sigurgeir Skafti við útisviðið sem Hveragerðisbær kom upp fyrir þjóðhátíðina og verður vettvangur tónleikanna. MYND/AÐSEND

Engin ein tónlistarstefna ríkjandi

Útitónleikar verða í Lystigarðinum í Hveragerði um helgina. Líklega þeir fyrstu á landinu eftir að Covid-þokunni létti. Tveggja kvölda tónlistarhátíð sem ber yfirskriftina Allt í blóma.

gun@frettabladid.is

„Kuldinn stoppar okkur ekki, ég hef haft meiri áhyggjur af rigningu og skoðað veðurspár reglulega, bæði þá íslensku og norsku, en nú lítur allt vel út,„ segir Sigurgeir Skafti Flosason tónlistarmaður, sem er prímus mótor í útitónleikum í Lystigarðinum í Hveragerði bæði á föstudags- og laugardagskvöld, 18. og 19. júní. „Við erum með yfirbyggt svið og svo er mikið skjól í garðinum. Þar verður bara geggjað flott að vera að syngja og tralla og dilla sér. Fólk fær að hlusta á alls konar músík og miðar eru á tix.is,“ heldur hann áfram.

„Við erum með landslið poppara, líka smá blús og svaka söngkonur. Sem sagt fjölbreytt einvalalið og engin ein tónlistarstefna ríkjandi heldur sitt lítið af hverju. Þetta er tónlistar-og menningarveisla, það gerir þetta svo skemmtilegt.“

Sjálfur er Sigurgeir Skafti hljómsveitarstjóri í sveitinni Blómabændur og spilar þar á bassa. Auk hans eru í henni þeir Vignir Þór Pétursson á píanó, Pétur Valgarð Pétursson á gítar og Óskar Þormarsson á trommum. Meðal annara listamanna sem koma fram eru Stefán Hilmarsson, Magnús Þór Sigmundsson, Unnur Birna, Hreimur Örn, Stefanía Svavarsdóttr, Lay Low og Dagný Halla.

Lystigarðurinn er á bökkum Varmár, uppi undir hlíðinni og markast af götunum Breiðumörk, Skólabraut og Reykjabraut. Hann verður opnaður klukkan 18 báða dagana, dagskráin hefst klukkan 20 og stendur til klukkan 23 bæði kvöldin.

> **Við erum með yfirbyggt svið og svo er mikið skjól í garðinum. Þar verður bara geggjað flott að vera að syngja og tralla og dilla sér.**

Sigurgeir Skafti segir hana setta upp sem fjölskylduhátíð. Hann tekur fram að í garðinum verði hægt að kaupa sér sitthvað að borða og drekka. Auk þess sé röð af góðum veitingastöðum með fram Breiðumörkinni sem sé aðal aðkomuleiðin á svæðið. „Það er breiðgata bragðlaukanna,“ segir hann og fullyrðir að allir leggist á eitt í blómabænum við að gera helgina sem ánægjulegasta.“ ■

Þeir sem mæta í þjóðbúningi njóta fríðinda

gun@frettabladid.is

Þjóðhátíðardegi Íslendinga verður eflaust fagnað í dag um allt land með fjölbreyttum hætti, ef veður leyfir. Dagskrá Árbæjarsafns verður á þjóðlegum nótum eins og vænta má og venja er, að sögn Guðrúnar Helgu Stefánsdóttur, kynningarstjóra. Hún nefnir sem dæmi að Vikivaki, hópur ungra dansara og hljóðfæraleikara sem hefur starfað saman frá árinu 2017, muni sýna gamla dansa og fjallkonunni verði skautað í Lækjargötu klukkan 14. „Skólahljómsveit Grafarvogs mun marsera um svæðið og margir flottir fornbílar verða víðs vegar um svæðið. Svo verður harmónikkuleikari að spila og þeir sem vilja taka sporið geta gert það á torginu, eða við það. Þetta er allt ein heild. Svo eru líka kindur í haga og vappandi landnámshænur sem gaman er að fylgjast með. Félagar Heimilisiðnaðarfélagsins sýna fallegt handverk í völdum safnhúsum, Karólínusýningin í Kornhúsinu hefur vakið athygli, enda vönduð sýning og merkilegur arfur. Það er eitthvað fyrir alla og kosturinn við Árbæjarsafn er sá að safnsvæðið er stórt og fólk dreifist vel um.“

En hvað ef það rignir? „Við erum búin að biðja um gott veður og ganga eins tryggilega frá því og okkur er unnt, en höfum stóran sal. Það þarf samt að rigna eldi og brennisteini til að við flýjum þangað inn,“ segir Guðrún Helga og tekur fram að aðgangur að hátíðinni sé ókeypis fyrir börn, öryrkja og þá sem mæta í þjóðbúningi síns lands. ■

Guðrún Helga virðist vera tilbúin að stíga dansinn í Árbæjarsafni í dag.
MYND/ROMAN GERASYMENKO

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Fulvio Bosio

lést á líknardeild Misericordia Rossello í Savona 16. júní. Jarðarförin fer fram í Basilica San Nicolò í Pietra Ligure 18. júní.

Sólveig Ragna Sigurþórsdóttir
Kristian Þór
Piero Sigurður
Giselle Björg
Jessica
Katia

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðberg Ellert Haraldsson

Árskógum 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 9. júní. Útförin fer fram frá Seljakirkju þriðjudaginn 22. júní klukkan 13.

Regína Birkis, Páll Guðbergsson og aðrir aðstandendur.

Kjöris
Gleðilega og gómsæta þjóðhátíð
Hlunkur
Líxus
Saltkaramellu ispinni
Líxus Toppís
Nýtt
Líxus flaug
MAMBÓ
PÓNÍS
Nýtt
KARDE MOMMU BÆRINN
SIRKUS
FREKJU DOLLA
GULLIVER
Nýtt
m&m's
SNICKERS
Mars
Ice Cream

Veðurspá Fimmtudagur



Norðlæg eða breytileg átt 3-8 í dag, skýjað og skúrir á víð og dreif. Hiti 2 til 12 stig, mildast S-lands. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Jón Jóhannesson (Víkingaklúbbnum) átti leik gegn Elvari Má Sigurðssyni (SSON) á Íslandsmóti skákfélaga.

13. Bxh7+! Kxh7 14. Rg5+ Kg6 15. Dg4 f5 16. Dg3 Kf6 17. b3! Rg6 18. Bb2+ Ke7 19. Rxe6 og myljandi sókn dugði hvítum til sigurs. Mamedyarov vann sigur á Superbet-mótinu sem lauk í Búkarest í Rúmeníu um helgina.

www.skak.is: Gleðilega þjóðhátíð. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 FAGURGALI
5 ÓHEFT
6 HLJÓM
8 GLÓFI
10 SNÆÐI
11 NÖLDUR
12 GÁSKI
13 PRUFA
15 TORFARINN
17 HÉKK

LÓÐRÉTT
1 ÝKJUR
2 ÓMERKILEGT
3 SLÆÐA
4 BRENNIVÍDD
7 SÆTTIR
9 REFSING
12 HYGGJAST
14 KVÍSL
16 RÁK



LÁRÉTT: 1 ofloft, 5 frí, 6 óm, 8 hanski, 10 et, 11 tuð, 12 ærsl, 13 mæta, 15 illfær, 17 lafði.
LÓÐRÉTT: 1 ofhermi, 2 fræt, 3 iln, 4 fókus, 7 miðlari, 9 straff, 12 ætla, 14 áll, 16 æð.

Sudoku

7	8		4			2		
				3	1		8	4
		5		6			7	
				1		4		
	7		6	2				5
4		9			7	1	6	
								1
5		7				9		
	2	6		5	3			

9						6		
				2				4
		4		7				
5	4					3		
		2	8	9			5	
7			2			8		
8			4		6	1	9	
	9		3				7	6
3								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ 20 ÁRA

NÁÐU TIL FJÖLDANS!

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins.* Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem Fréttablaðinu er dreift í heimahús, eru yfirburðirnir ótvíræðir. Hafðu samband og við aðstoðum þitt fyrirtæki við að ná til fjöldans.

Sími: 550 5050 –soludeild@frettabladid.is

44%
18-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

49%
35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

68%
55-80 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

*Samkvæmt prentmælingum Gallup

NÓA

NÓI SÍRÍUS KYNNIR

SUMARKROPPIÐ 2021

BRAKANDI FERSKT BANANASUMAR!

cocoa HORIZONS

Nóa Kropp með bananabragði gerir sumarið enn bragðbetra.

Einstakt og heillandi myndmál

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

Sýningin Hrynjandi með verkum Guðmundu Andrésdóttur (1922-2002) stendur yfir í sumar í aðalsal Hafnarborgar. Sýningarstjórar eru Unnur Mjöll S. Leifsdóttir og Hólmar Hólm.

Unnur Mjöll og Hólmar fara ekki leynt með aðdáun sína á listakonunni og verkum hennar. „Við vildum vekja athygli á verkum Guðmundu og völdum verk til sýningar af nokkrum afgerandi tímabilum á ferli hennar. Á þessari sýningu er á sjötta tug verka, olíumálverk og skissur, sem við fengum lánuð héðan og þaðan, frá listasöfnum, Arion banka og einstaklingum," segir Unnur Mjöll.

„Verk Guðmundu hafa verið sýnd af og til síðustu ár en það eru sautján ár síðan stærri yfirlitssýning á verkum hennar var síðast haldin í Listasafni Íslands. Þessi sýning hér er þó ekki hugsuð sem yfirlitssýning, heldur kjósum við að nálgast hana út frá fagurfræði og skynjun, auk þess sem við sýnum verk sem eru mögulega minna þekkt. Þetta er því leikandi og létt sumarsýning sem gæti verið góður upptaktur eða forspil fyrir stærri yfirlitssýningu og rannsóknir á verkum Guðmundu, jafnvel á næsta ári þegar hundrað ár eru einmitt liðin frá fæðingarári hennar og tuttugu ár síðan hún féll frá. Guðmunda skildi auðvitað eftir sig hundruð verka og það væri hægur leikur að setja upp ótal sýningar á verkum hennar, með ólíkum nálgunum og áherslum."

Spurð hvað henni þyki mest heillandi við verk Guðmundu segir Unnur Mjöll: „Rannsókn hennar og útfærslur á myndfletinum hreyfa við mér og ég finn fyrir líkamlegum viðbrögðum þegar ég sé verk hennar. Hún var einstök listakona."

Erkitýpa listamannsins

Hólmar svarar sömu spurningu og segir: „Saga hennar hreyfir sérstaklega við mér en það sem haft er eftir henni sýnir að hún fann sig knúna til að skapa og hélt nærri áfram að mála allt þar til yfir lauk. Fyrir mér er hún því hálfgerð erkitýpa listamannsins sem tjáir sig af innri þörf og virðist ekki geta hætt að vinna, enda rannsakaði hún og braut til mergjar allt sem hún gerði.

Það sem skilur hana hins vegar frá þessari ævafornu staðalímynd eða hugmynd um listamanninn sem eins konar snilling frá náttúrunnar hendi er það að hún var sjálf frekar hlédræg kona, sem hélt einungis sjö einkasýningar í lifanda lífi. En hún var tvímælalaust brautryðjandi á sínu sviði og einn af okkar merkustu listamönnum. Hún brann svo fyrir því að auka veg listarinnar og miðla henni til almennings, sér í lagi yngri kynslóða, en hún var einnig með próf í teiknikennslu og sinnti því starfi um tíma, auk þess sem hún skildi eftir sig vænan sjóð til styrktar ungum myndlistarmönnum."

Sýningarstjórarnir Unnur Mjöll og Hólmar eru miklir aðdáendur Guðmundu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Rannsókn hennar og útfærslur á myndfletinum hreyfa við mér og ég finn fyrir líkamlegum viðbrögðum þegar ég sé verk hennar.
>
> Unnur Mjöll S. Leifsdóttir.

Guðmunda Andrésdóttir vann lengst af í anda geómetrískrar abstraksjónar, sem óx mjög ásmegin á árunum eftir stríð þegar listamenn leituðu sannleika og fegurðar í hinu óhlutbundna. Hún tók þátt í fjölda samsýninga hér á landi og erlendis, þar sem hún sýndi til dæmis með Septem-hópnum. „Hún kemur með afar sérstaka rödd inn í geómetríuna og skapar einstakt myndmál sem auðvelt er að heillast af," segir Unnur Mjöll.

Verk Guðmundu, Kristallar, 1965. Í eigu Arion banka.

Með tónlist í huga

Verkin á sýningunni eru bæði á veggjum og í borðum. „Rýmið í salnum er frekar flókið til uppsetninga en við skiptum því upp og leyfum um leið verkunum að fá andrými. Við blöndum ólíkum verkum vísvitandi saman og sýningunni er ekki skipt upp eftir tímabilum, heldur sækjumst við eftir að skapa flæði og samtal á milli verka," segir Unnur Mjöll.

„Við viljum jafnvel minna þá sem koma inn í sýningarsalinn á að vera með tónlist í huga og leyfa verkunum að tala til sín milliliðalaust, njóta stundarinnar og leyfa listinni að bera sig á nýjar slóðir," segir Hólmar.

Sýningin stendur til 22. ágúst. ■

Leiðinlegir lokatónleikar Sinfóníunnar

TÓNLIST

Sinfóníutónleikar

★★☆☆☆

Verk eftir: Þuríði Jónsdóttur og Brahms
Einleikari: Una Sveinbjarnardóttir
Stjórnandi: Daníel Bjarnason
Eldborg í Hörpu: fimmtudaginn 10. júní

Jónas Sen

Ég sá einu sinni auglýsingu þar sem sýnt var frá eldgosi. Undir var leikinn hægi kaflinn í sjöundu sinfóníu Beethovens, sem var mjög áhrifaríkt. Eldgos spilaði líka stóra rullu í nýjum fiðlukonsert eftir Þuríði Jónsdóttur, sem var frumfluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið. Hljóðin í eldgosinu í Geldingadölum höfðu verið tekin upp og voru spiluð undir lok verksins. Óneitanlega var það magnað. Hins vegar var upptakan það besta við verkið, því tónlistin sjálf vakti upp spurningar.

Eins og annað eftir Þuríði var músíkin mjög ómstríð. Laglínurnar sem einleikarinn, Una Sveinbjarnardóttir, lék, voru frá hrindandi. Verkið var hægferðugt í byrjun og hljómsveitarröddin samanstóð aðallega af höggum, braki og brestum. Konsertinn nefndist Leikslok, og samkvæmt kynni tónleikanna var hann hugleiðing um heimsendi. Miðað við stemninguna í tónlistinni var ekki mikil von í henni.

Árekstrar einleiks og hljómsveitar

Þegar á leið fór andrúmsloftið að verða ákafara, en það var einmitt þar sem rithátturinn vakti upp spurningar. Tónsvið fiðlunnar lenti í árekstrum við heildarhljóm hljómsveitarinnar hvað eftir annað, og þó mikið gengi á í einleiksröddinni, skilaði það sér ekki almennilega til áheyrenda.

Una spilaði samt vel, leikur hennar var vandvirknislegur og kröftugur. Í einleikskonsert á hins vegar að heyrast í einleikshljóðfærinu, sem það ekki gerði hér nema að takmörkuðu leyti. Ýmiss konar effektar sem tónskáldið lét Unu framkvæma á fiðluna virkuðu því tilgangslausir.

Hér getur verið að hljómsveitin hafi hreinlega spilað of sterkt. Sennilega hljómar konsertinn betur á upptöku þar sem hægt er að stjórna styrkleikahlutföllunum til fulls.

Almennt talað var verkið ekki með öllu slæmt, þar voru vissulega áhugaverðir hljómar og blæbrigði sem voru skemmtilega annarleg. En þau náðu bara ekki að skapa sannfærandi heild.

Leiðinleg sinfónía

Hin tónsmíðin á dagskránni var sinfónía nr. 2 eftir Brahms. Hún var klén undir skringilega andlausri stjórn Daníels Bjarnasonar. Hljómsveitin spilaði samt ágætlega tæknilega séð, nema að málmblásturinn var á köflum óhreinn. Í það heila voru styrkleikahlutföllin ekki nægilega fáguð og innlifunin í túlkuninni var ekki fyrir hendi. Bara hreint ekki.

Gagnrýnandi varð fyrir vonbrigðum með tónleikana. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hljómsveitin flutti þessa sinfóníu líka fyrr í vetur, en þá undir stjórn Evu Ollikainen. Himinn og haf skilja þessar tvær túlkanir að. Flutningurinn þá var snilld, en hér var eins og enginn nennti því sem hann var að gera, kannski vegna þess að sumarfríið er handan við hornið. Hvílík leiðindi. ■

NIÐURSTAÐA: Lokatónleikar Sinfóníunnar á starfsárinu ollu vonbrigðum.

Núna er góður tími til að grilla

Þéttari og mýkri hamborgarabrauð!

Auðvitað er ekkert betra en „íslenskt grill“ – nýtt íslenskt brauð og nýtt íslenskt kjöt. Tendraðu grillið. Gerðu hamborgarann meira djúsí. Prófaðu nýja hamborgarakartöflubrauðið frá Myllunni strax í dag.

Gleymdu ekki að taka nýja pylsukartöflubrauðið fyrir grillpylsurnar.

MYLLAN

Alltaf nýbakað síðan 1959

Skoðaðu myllan.is

Í kvöld á Hringbraut

Í minningu Johns Snorra

Í samráði við aðstandendur endursýnum við einstaklega persónulegt og opinskátt viðtal Sigmundar Ernis við **John Snorra Sigurjónsson** í þættinum **Mannamáli** frá árinu 2017 þar sem þeir ræddu um ástríðu fjallagarpsins sem þá hafði sigrað nokkra helstu tinda jarðarinnar.

Johns Snorra og félaga hans var saknað á fjallinu K2 þann 5. febrúar síðastliðinn en kveðjuathöfn fer fram í Vídalínskirkju í Garðabæ **þriðjudaginn 22. júní**

Ekki missa af **Mannamáli í kvöld 17. júní kl. 19:00** og svo aftur kl. 21:00.

Fylgstu með!

HRINGBRAUT

Fimmtudagur

Hringbraut

18.00 Saga og samfélag (e) Saga og samfélag er þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
18.30 Helgamagrastræti (e) Í þættinum Helgamagrastræti ganga nokkrir gamlir Akureyringar um götuna sína.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.0 Sir Arnar Gauti Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
20.30 Helgamagrastræti (e) Í þættinum Helgamagrastræti ganga nokkrir gamlir Akureyringar um götuna sína.

RÚV Sjónvarp

08.00 KrakkaRÚV
08.01 Tulipop Fred fer í bað.
08.04 LalliLouie
08.11 Tölukubbar
08.16 Skotti og Fló
08.23 Konráð og Baldur
08.36 Hvolpasveitin
08.58 Rán - Rún
09.03 Múmínálfarnir
09.25 Hið mikla Bé
09.47 Grettir
10.00 Vísindahorn Ævars Kristófer Kólumbus.
10.05 Hagamús. með lífið í lúkunum
11.10 Hátíðarstund á Austurvelli
11.45 Skjól og skart Handverk og saga íslensku búninganna.
13.05 Haukur Morthens
14.00 Síðasti bærinn í dalnum
15.20 Saga Mezzoforte
16.55 Verksummerki Steinunn Sigurðardóttir.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Maturinn minn
18.12 Undraverðar vélar
18.26 Nýi skólinn
18.39 Lúkas í mörgum myndum
18.46 Nei sko! Tilraun - Sykursnákur.
18.50 Sumarlandabrot 2020
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Ávarp forsætisráðherra 17. júní 2021 Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flytur ávarp.
19.55 Með allt á hreinu - syngjum með
21.40 Börn náttúrunnar
23.05 María
00.35 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

08.50 US Open Útsending frá lokadegi US Open 2020.
14.05 2021 PGA Tour Champions Learning Center
14.30 LPGA Tour Bein útsending frá Meijer LPGA Classic.
17.30 PGA Tour Profiles
17.30 PGA Tour. The Cu Skyggnst á bak við tjöldin hjá PGA mótaröðinni.
18.00 US Open Bein útsending frá Opna bandaríska mótinu.

Sjónvarp Símans

12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 The Block
15.05 Life Unexpected
15.50 90210
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Block
20.10 Þorpið í bakgarðinum Íslensk kvikmynd frá 2021. Brynja, 40 ára, sem getur ekki horfst í augu við móður sína sem yfirgaf hana á unga aldri, fær inni í litlu gistihúsi í þorpi rétt fyrir utan Reykjavík.
21.45 Venjulegt fólk
22.15 Stella Blómkvist
23.05 Manhunt. Deadly Games
23.50 The Late Late Show
00.35 Love Island
01.30 Ray Donovan
02.20 Black Monday
02.50 Gangs of London

RÚV Rás eitt

06.55 Morgunbæn og orð dagsins
07.00 Fréttir
07.03 Jón Sigurðsson og arfleifð hans
08.00 Morgunfréttir
08.05 Tónlist að morgni þjóðhátíðardags
09.00 Fréttir
09.03 Dagur í Hússtjórnarskóla Reykjavíkur
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.15 Frá þjóðhátíð í Reykjavík
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Ratsjá. Helium
14.03 Gáfnaljósið
14.30 Gáfnaljósið
15.00F ylgikvillar framfara
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Lögin hans Fúsa
17.10 Að skilja heiminn
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Þjóðhátíðarpistill
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Ferðalok 1946. jarðneskar leifar Jónasar fluttar
20.03 Smárakvartettinn á Akureyri
20.32 Milli trjánna. Smásaga
21.03 Ást um aldamót
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sjórinn var svartur af logni
22.43 Þjóðsöngur Íslendinga
23.07 Ekkert nýtt nema veröldin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

Stöð 2 Bíó

10.50 Trolls Stórskemmtileg talsett teiknimynd frá 2016.
12.20 Mamma Mia
14.05 Blóðberg
15.55 Trolls
17.25 Mamma Mia
19.10 Blóðberg
21.00 Fullir vasar Spennandi íslensk gamanmynd sem fjallar um fjóra menn sem ræna banka til að eiga fyrir tugmilljóna skuldum eins þeirra við hættulegasta mann Íslands, sjálfan Gulla bílasala.
22.40 Grimmd Íslensk spennumynd sem segir frá því þegar tvær ungar stelpur hverfa sporlaust af leikvelli í Árbænum.
00.15 Þorsti Íslensk hrollvekja sem gerist í litlum bæ, ekki ólíkum Reykjavík.
01.45 Fullir vasar

Stöð 2

08.00 Dýrin í Hálsaskógi
09.10 Heiða
10.55 Skoppa og Skrítla í bíó
11.50 Playmobil. Bíómyndin
13.25 Charlie and the Chocolate Factory Bráðskemmtileg fjölskyldumynd með Johnny Depp sem byggð er á frægri barnabók eftir Roald Dahl.
15.15 Hestalífið í Hestalífinu fá áhorfendur að heimsækja skemmtilegt hestafólk sem hefur frá mörgu að segja. Þátturinn er í umsjón Telmu Lucindu Tómasson.
15.30 Tveir á teini
16.00 Friends
16.20 Nostalgía
17.30 Temptation Island
18.05 All Rise
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.40 Sportpakkinn
18.45 Börn þjóða
19.15 Máni mávabróðir Frábær talsett teiknimynd frá 2019.
20.40 Síðasta veiðiferðin Ný íslensk gamanmynd um vinahóp sem fer í sinn árlega veiðitúr. Í þetta skiptið á að taka veiðina alvarlega, slaka á í ruglinu og njóta náttúrunnar. Það er erfitt að kenna gömlum hundum að sitja og brátt þróast mál þannig að allt fer á versta veg – hratt og örugglega.
22.15 A Black Lady Sketch Show
22.45 Real Time With Bill Maher
23.40 Keeping Faith
00.40 Mr. Mayor
01.00 Brave New World
01.50 Friends
02.10 Temptation Island
02.55 Charlie and the Chocolate Factory

Stöð 2 Sport

09.00 Dominos Körfuboltakvöld
09.35 Pepsi Max Stúkan
10.15 Breiðablik - Tindastóll Útsending frá leik í Mjólkurbikar kvenna.
11.55 Valur - Fram Útsending frá leik 1 í úrslitum Olís-deildar kvenna árið 2018.
13.10 Fram - Valur Útsending frá leik 2.
14.30 Keflavík - Þór Þ. Útsending frá fyrsta úrslitaleik í Dominos-deild karla.
16.10 Sunna Tsunami
16.40 Valur - Haukar Útsending frá fyrsta úrslitaleik í Olís-deild karla.
18.05 Valur - Breiðablik Útsending frá leik í Pepsi Max-deild karla.
19.45 Víkingur R. - FH
21.30 Leiknir R. - KR
23.15 Keflavík - Þór Þ. Útsending frá fyrsta úrslitaleik í Dominos-deild karla.

Stöð 2 Sport 2

07.25 Huddersfield Town - Nottingham Forest
09.05 Wycombe - Swansea
10.45 Norwich - Derby
12.30 EM í dag - Upphitun
13.00 Úkraína - Norður Makedónía Bein útsending frá leik í EM 2020.
15.00 EM í dag - Uppgjör
15.35 Everton - Rotherham United
17.55 AEK - Leicester
19.35 Real Madrid - Shakhtar Donetsk
21.15 QPR - Fulham
23.30 Arsenal - Dundalk

ÞINN STUÐNINGUR ER OKKAR ENDURHÆFING



Ljósavinir hafa snert líf mitt án þess að vita það. Komdu í hópinn!

Í Ljósið leita hundruðir einstaklinga í endurhæfingu í hverjum mánuði en einnig fá þar aðstandendur stuðning og fræðslu. Greiningum á krabbameini fjölgar en á sama tíma verða lífslíkur betri. Því er aukin þörf á faglegri endurhæfingu fyrir líkama og sál.

Við þurfum fleiri ljósavini. Vertu mánaðarlegur styrktaraðili á **www.ljosid.is**

Ljósið



Það getur oft verið erfitt að ná góðri mynd af skrímslunum.

Vasaskrímslin ljósmynduð

arnartomas@frettabladid.is

TÖLVULEIKIR

Pokémon Snap

★★★★☆

Leikjatölva: Nintendo Switch

Eftir að hafa verið egnt hverju gegn öðru eins og skylmingaþrælum í meira en tuttugu ár fá blessuð Pokémon-skrímslin loksins smá pásu frá áflogunum.

Í Pokémon Snap skellir leikmaðurinn sér í hlutverk ljósmyndara sem fylgist með skrímslunum í sínu náttúrulega umhverfi og reynir að festa af þeim myndir í ljósmyndasafarí. Leikmenn ferðast um á fyrir fram ákveðinni braut og heimsækja meðal annars frumskóg, eyðimörk, hafsbotn og neðanjarðarhelli.

> Það er ekki útilokað að frussi blandin ókvæðisorð fljúgi á sjónvarpsskjáinn þegar dýrin drattast ekki til að halda kyrru fyrir á meðan myndavélin er munduð.

Það er þó ekki eingöngu beðið um að ná sem flestum skrímslum á filmu, heldur eru stig gefin fyrir stærð þeirra á myndinni, staðsetningu á myndinni, pósur og fleira. Það getur reynst þrautinni þyngra að ná fullkominni mynd og það er ekki útilokað að frussi blandin ókvæðisorð fljúgi á sjónvarpsskjáinn þegar dýrin drattast ekki til að halda kyrru fyrir á meðan myndavélin er munduð.

Einn helsti kosturinn við leikinn er hversu afslappaður hann er. Þótt myndatakan sé vissulega nákvæmnisverk og stundum þurfi að hafa snöggar hendur, þá er alltaf hægt að reyna aftur. Leikurinn er mjög aðgengilegur en býður upp á mikla dýpt þar sem það er nánast alltaf hægt að taka betri myndir. Þau sem vilja léttan og skemmtilegan leik munu því njóta sín, auk þeirra sem eru að leita að meiri áskorun.

Endurtekningin í leiknum er þó á köflum gagnrýnisverð og þegar rúllað er í gegnum sömu brautina í sjötta skipti er ekki laust við að leiði taki við. Þetta lagast þó síðar meir í leiknum, þegar leikmaðurinn fær tólin til að hraða ferðinni, en fram að því munu eflaust sumir gefast upp.

Pokémon Snap er ekki fyrir alla og eflaust mun einhverjum drepleiðast að horfa á dýrin spássera um gresjur frekar en að taka þátt í hefðbundna hanaatinu sem serían er hvað þekktust fyrir. Fyrir okkur hin er þetta skemmtilegur leikur sem bæði börn og fullorðnir ættu að geta notið sín í. ■

NIÐURSTAÐA: Skemmtilega afslappaður leikur sem býður þó upp á áskoranir.

He-Man og Skeletor eru væntanlegir aftur á skjáinn, mannbörnum alls staðar til ómældrar gleði. MYND/NETFLIX

Grákúpukastali gerður upp á Netflix

Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas
@frettabladid.is

Fjörutíu árum eftir að hann leit fyrst dagsins ljós er hárprúða vöðvabúntið He-Man væntanlegt aftur á skjáinn.

Í dag eru liðin einhver fjörutíu ár síðan He-Man and the Masters of the Universe, sem voru íslenskaðir sem Garpur og hetjur himingeimsins, dúkkuðu fyrst upp. He-Man og félagar stútfylltu leikfangakistur landsins og vilja margir meina að leikföngin hafi verið mótandi fyrir barnæsku þeirra, hvað svo sem það þýðir.

Fyrir tveimur árum tilkynnti leikstjórinn og njörðurinn Kevin Smith að hann hefði í hyggju að blása lífi í meistara alheimsins fyrir Netflix og brot af afrakstri þeirrar vinnu má sjá í nýrri stiklu sem birt var á dögunum.

Í stiklunni vekur athygli að þrátt fyrir að tæknimál og teiknivinna séu í dag orðin mun þróaðri, þá líta persónurnar meira og minna út eins og þær gerðu í upprunalegu þáttunum. Á undanförnum árum hefur fjöldinn allur af eldri teiknimyndum og annarri nostalgíu verið færður í nútímalegri búning, en Kevin Smith virðist ætla aðrar leiðir. Af hverju?

Spaugilega íslenska talsetningu á He-Man má finna á YouTube undir titlinum „Hann-Mann“.

Dolph Lundgren var „kjötaður“ í hlutverki He-Man 1987.

Barnalegur heavy metal

Ljóskan stælta ruddist inn á leikfangamarkaðinn árið 1981 og tveimur árum síðar voru áðurnefndir teiknimyndaþættir fyrst sýndir. Þættirnir segja frá Adam, krónprinsi plánetunnar Eterníu þar sem galdrar og goðsagnir eru allsráðandi. Í hvert skipti sem hinn heldur væskilslegi Adam lyftir sverði sínu á loft og gargar galdraþulu umbreytist hann í vöðva–stæltu ljóskuna He-man, sterkasta mann alheimsins. Ásamt litskrúðugum vinahóp sínum tekst He-man á við skúrkinn Skeletor og bjargar heiminum.

„Þessir þættir komu á markaðinn á hárréttum tíma,“ segir nostalgíugúrúinn Bjarni Gautur um þættina. „Á þessum tíma voru hlutir eins og Star Wars auðvitað gríðarlega vinsælir, en börn voru líka að stelast í fullorðinslegri hluti eins og Conan the Barbarian og Mad Max. Svo kom He-Man sem tvinnaði þessa hluti svo vel saman. Litríkar persónur á heavy metal plötuumslagi.“

Bjarni segir þó að þættirnir sjálfir hafi ekki elst neitt sérstaklega vel.

„Það er varla hægt að horfa á þetta í dag,“ segir hann. „He-Man kýlir aldrei neinn, hann kýlir bara myndavélina, og boðskapurinn er ansi barnalegur, til dæmis ekki tala við ókunnuga. En þetta er auðvitað alveg príma fyrir krakka á þessum aldri, sem fannst þeir vera að fylgjast með alvöru stríði.“

Blessuð börnin

Þótt endurgerð Kevin Smith sé mjög keimlík upprunalegu þáttunum segir Bjarni að markhópurinn sé þó annar. „Þetta er hundrað prósent stílað á fólkið sem ólst upp með þessum þáttum á sínum tíma,“ segir hann. „Í dag er þetta fólk orðið foreldrar og getur nýtt sér börnin sín sem afsökun til að horfa á þættina. Þetta er pínu Joe Camel markaðssetning – þú nýtir fullorðna fólkið til að koma börnunum á bragðið.“

> Þetta er pínu Joe Camel markaðssetning – þú nýtir fullorðna fólkið til að koma börnunum á bragðið.

Bjarni Gautur.

Að sögn Bjarna eru endurgerðir á gömlum teiknimyndum sem koma út í dag þó að jafnaði mun betur unnar en frummyndirnar. „Það er miklu meiri peningur í þessu í dag og mun betur vandað til verks,“ segir hann. „Þeir fá líka rithöfunda sem ólust upp með efninu sem börn og skrifa þetta eins og þeir muna eftir því og skilja af hverju börn myndu hafa gaman að þessu.“

Aðspurður um hvað geri nostalgíuna svona sterka segir Bjarni að merkjavörur selji. „Þegar þú kaupir þér föt ertu mun líklegri til að kaupa Nike eða Adidas þótt þú sért ekkert sérstakur aðdáandi þeirra frekar en merki sem þú þekkir ekki,“ segir hann. „En nostalgían tengist líka tímabili í lífi fólks þar sem allt var í lagi, og það tengist oft barnæskunni. Ég ólst sjálfur ekkert upp á níunda áratugnum en það er samt alltaf einhver hlýhugur í kringum 1980 og eitthvað. Maður man bara eftir því jákvæða, sem er oft algjör neysluhyggja, og er kannski ekki að tengja það við kalda stríðið eða innrás í Afganistan.“ ■

KRÓNAN

Hæ hó
og jibbý ...
Gleðilegan
þjóðhátíðar
dag!

OPIÐ Í DAG

17. júní, í öllum verslunum!

Nánar á kronan.is

Krónan mælir með!

Vatnsmelónur
199 kr. kg

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Vér erum öll æði

Kristín Dís Ingilínardóttir
kristlin@frettabladid.is

Þríeyki ungu kynslóðarinnar, þeir Bassi Maraj, Binni Glee og Patrekur Jaime, stjörnur raunveruleikasjónvarpsþáttanna Æði, hafa hlotið verðskuldaða athygli fyrir 17. júní herferð Reykjavíkurborgar í ár.

Raunveruleikastjörnurnar fara á kostum í myndbandi sem sýna á hvernig Þjóðhátíðardagur Íslands varð að veruleika árið 1944. Herferðin hefur hlotið mikið lof og bersýnilegt að margir sjá húmorinn í að senda átrúnaðargoð yngstu kynslóðarinnar í torfkofana á Árbæjarsafni.

Patrekur Jaime, Bassi Maraj og Binni Glee hafa svo sannarlega slegið í gegn í þáttunum Æði. MYND/ JULIE ROWLAND

Skildu ekki textann

Brynjar Steinn Gylfason, betur þekktur sem Binni Glee, fer með hlutverk Bínu frænku, sem fær hugmyndina að 17. júní hátíðahöldum eftir dvöl í hinni nútímalegu Kaupmannahöfn.

„Ég var heppinn að þurfa ekki að tala þessa forníslensku“, segir Binni en bæði Patrekur og Bassi þurftu að leggja texta á minnið sem var í takt við tíðaranda tuttugustu aldarinnar.

Patrekur viðurkennir að það hafi verið virkilega erfitt að læra línurnar. „Úff, ég gat það varla, ég vissi náttúrulega ekkert hvað ég var að segja,“ segir Patrekur hlæjandi. Þeir Bassi hafi reynt að vitna í myndbandið eftir að það kom út, en hvorugum hefur tekist það hingað til.

Binni skýtur inn í að það hafi þurft þónokkrar tökur fyrir þá að ná að fara með allan textann. Þeir eru sammála um að frammistaða Bassa hafi verið afgerandi verst í þeim málum. „Það þurfti örugglega svona hundrað tökur fyrir Bassa en ég held að ég hafi náð þessu á svona tíu,“ segir Patrekur hreykinn.

Gamla fólkið stokkið á lestina

Viðtökurnar hafa ekki látið á sér standa og hefur þríeykið nú náð til nýs aðdáendahóps. „Ég er í áfalli yfir þessum viðbrögðum, meira að segja gamla fólkið elskar okkur,“ segir Binni upp með sér. Eldri kynslóðin hafi hingað til ekki brugðist sérlega vel við efni frá vinunum. „Þess vegna er þetta svo skrítið því við erum svo vanir því að fá neikvæðar athugasemdir frá eldra fólki.“

Það gæti skýrst af því að sumir hreinlega skilji tríóið ekki. Í téðri herferð tekur Binni til að mynda fram að Jón Sigurðsson hafi verið „low-key daddy.“ Aðspurður hvernig Jóni hafi áskotnast sá titill segir Binni einfalda útskýringu vera á því.

„Þegar við sjáum einhvern eldri mann sem er „með þetta“ þá segjum við hann sé alveg „low-key daddy“ og þar sem þetta átti að gerast 1944 þá hugsuðum við að Jón hefði örugglega verið „low-key daddy“ á þessum tíma.“ Orðatiltækið tengist þó ekki útliti á neinn hátt, þar sem Binni hefur ekki hugmynd um hvernig Jón Sigurðsson leit út.

> Ég held að gamla fólkið myndi fá kast en að unga fólkinu myndi finnast það vera „iconic“.
>
> Patrekur

Til í að vera næsta fjallkona

17. júní hefur hingað til ekki spilað stórt hlutverk í lífi Æði-gengisins en það eru þó einhverjar hefðir sem piltarnir kunna virkilega vel að meta. „Eins og til dæmis fjallkonan, Patti væri alveg fullkomin fjallkona,“ segir Binni.

Patrekur tekur undir það og kveðst vera verkinu vaxinn. „Hvar sækir maður eiginlega um?“ spyr hann. Þeir Bassi, Binni og Patrekur eru allir sammála um að það sé löngu kominn tími til að karlmaður fái að stíga í fótspor fjallkonunnar.

„Ef það myndi einhvern tímann gerast þá mun samfélagið samt missa sig,“ segir Binni og bendir á að ekki séu allir jafn víðsýnir og aðdáendur Æðis. Patrekur tekur undir. „Ég held að gamla fólkið myndi fá kast en að unga fólkinu myndi finnast það vera „iconic“.“

Patrekur bendir þó á að hann sárvanti peysuföt til að skarta á tyllidögum. „Ég á ekki þjóðbúning en ég myndi alveg fara í svoleiðis á djammið. Það væri góð stemmning ef allir myndu mæta í svoleiðis í bæinn.“

Peysuföt fara þríeykinu óneitanlega vel en hægt er að sjá þá skarta þjóðlegum klæðum á flestum strætóskýlum Reykjavíkur þessa dagana. Binni segir það vera furðulega tilfinningu að sjá andlit sitt um allan bæinn.

Skrítið að vera frægur

„Ég hringdi í mömmu um leið og ég sá mig á strætóskýlinu, ég var svo spenntur,“ segir Binni, sem kveðst enn vera hissa á eigin velgengni. „Það eru svona litlir hlutir sem koma manni ennþá á óvart og mér finnst alltaf ótrúlega skrítið að hugsa um hvernig lífið mitt varð svona.“

Óhætt er að segja að Æði séu með vinsælustu raunveruleikaþáttum Íslandssögunnar og skutust Bassi, Binni og Patrekur hratt upp á stjörnuhimininn. „Ég hélt alltaf að ég myndi detta út af samfélagsmiðlum eftir einhvern tíma en í staðinn verður fylgjendahópurinn og athyglin alltaf meiri og meiri.“

Binni segir fjölskyldu sína taka vel í ferilinn. „Svo lengi sem ég fæ pening styðja þau mig í þessu,“ segir hann hlæjandi. „Þau halda stundum að ég sé að gera þetta ókeypis og eru alltaf að segja mér að fá mér vinnu en þetta er bara vinnan mín og ég er bara í fullu starfi á samfélagsmiðlum.“

Kveður við nýjan tón

Það sé undarleg tilfinning að vera frægur fyrir að vera maður sjálfur, að mati drengjanna. „Við erum ekki að leika einhverja karaktera og reynum að vera við sjálfir.“ Þriðja sería af Æði er komin vel á veg og hafa tökurnar gengið vonum framan. Ekki er þó öllu lokið enn þar sem þríeykið mun gera tvo þætti á Þjóðhátíð í Eyjum og á Hinsegin dögum.

Í næstu seríu fá áhorfendur að skyggnast inn í hugarheim Bassa, Binna og Patta á mun persónulegri nótum en áður. „Við erum að opna okkur mun meira um okkar vandamál og vera einlægari en við höfum verið til þessa.“

Opna sig um vandamál sín

Binni telur að nýjasta serían muni koma aðdáendum mikið á óvart þar sem fyrri seríurnar hafi einblínt meira á skemmtun og drama. „Núna eru við að tala um okkar vandamál, pressuna og aðra lífsreynslu.“ Í nokkrum senum sé farið á dýptina og þar megi víða sjá tár á hvarmi.

Raunveruleikastjörnurnar sammælast um að þrátt fyrir að það sé kvíðavaldandi að berskjalda sig á þennan hátt sé mikilvægt að vera í takt við raunveruleikann. „Við viljum sýna að það sé allt í lagi að líða illa,“ segir Binni. „Það ganga allir í gegnum eitthvað og maður þarf að vinna í sínum vandamálum. Lífið er ekki alltaf dans á rósum, eins og þau segja.“

Lífið sé þó oft ansi skemmtilegt og hlakkar Æði-gengið til að fagna þjóðhátíðardeginum í dag. Binni verður á Akureyri en Patrekur og Bassi halda upp á daginn í Reykjavík. „Eins og við höfum sagt þá er 17. júní ekki bara æði heldur erum vér öll æði.“■

ÍSLENSK MYNDLIST Á 21. ÖLD

Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Art Museum
listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is

Hafnarhús
Tryggvagata 17
101 Reykjavík
411 6410

REYKJAVÍKUR LISTASAFN HAFNARHÚS ART MUSEUM

Opið daglega / Open daily
10:00–17:00

KVIKA

Fimmtudaga / Thursdays
10:00–22:00

ICELANDAIR

EXTRA

Frá 1299 kr.stk.

Helíumblöðrur

399 kr.stk.
Sleikjósnuð

399 kr.stk.
Íslenski fáninn

Hæ, hó jibbí jei
það er komin 17. Júní

BARÓNSTÍGUR 8-24
KEFLAVÍK OG AKUREYRI 24/7

WWW.EXTRA.IS

Guðrún hélt því heillengi leyndu fyrir sumum af sínum nánustu hve umfangsmikið hlutverkið var. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lærdómsríkt ferli í alla staði

Í dag verða þættirnir Katla frumsýndir á Netflix. Það er stórskotalið sem stendur að baki myndinni, sem er leikstýrt af Baltasar Kormáki. Söngkonan Guðrún Ýr, einnig þekkt sem GDRN, fer með eitt af aðalhlutverkunum.

steingerdur@frettabladid.is

Þáttaraðarinnar Kötlu frá Netflix í leikstjórn Baltasars Kormáks hefur verið beðið með óþreyju. Með hlutverk í þáttunum fara margir af okkar fremstu leikurum: Íris Tanja Flygenring, Ingvar E. Sigurðsson og Þorsteinn Bachman. Það vakti þó forvitni margra þegar tilkynnt var að söngkonan Guðrún Ýr Eyfjörð, GDRN, færi með eitt aðalhlutverkanna, en fram að því hafði hún ekki leikið neitt að eigin sögn, ekki einu sinni í skólaleikritum í æsku.

„Nei, ég lék ekki. Þetta er alveg í fyrsta skipti, algjör frumraun," segir hún.

Dóttir Baltasars þekkti til Guðrúnar og benti á að það væri kannski sniðugt að athuga með hana.

„Ég veit ekki alveg af hverju henni datt þetta í hug. Svo var Selma Björnsdóttir ein af þeim sem var í því að finna leikara í hlutverk myndarinnar. Hún leikstýrði Shakespeare verður ástfanginn og þar var ég að flytja tónlistina, þannig að hann hefur mögulega fengið nokkrar ábendingar frá hinum og þessum. Síðan hefur hann ákveðið að bara tékka," segir Guðrún.

Missti andlitið

Hún segir það hafa verið skýrt frá fyrsta degi að hún var samt ekki fengin í verkið vegna þess að hún væri með einhvern söngferil að baki sér.

„Þetta snerist meira um að tékka á hvort það kæmi eitthvað áhugavert út úr þessum prufum. Ég fer í þær og fæ svo aðra símhringingu þar sem mér var sagt að þetta liti rosalega vel út og ég beðin um að koma aftur."

Hún segist ekki beint hafa gert sér grein fyrir því hve vel eða illa gekk, og hvort hún myndi fá annað símtal.

> „Ég var svo stressuð í prufunum, ég bjóst ekki við neinu. Ég bjóst alveg við að þau myndu ekki hringja aftur en svo hugsaði ég: „Vá hvað það væri gaman ef þetta myndi ganga upp."

„Ég var svo stressuð í prufunum, ég bjóst ekki við neinu. Ég bjóst alveg við að þau myndu ekki hringja aftur en svo hugsaði ég: „Vá hvað það væri gaman ef þetta myndi ganga upp." Ég vonaði það, en var engan veginn viss. Það kom mér líka á óvart þegar þau heyrðu í mér eftir nokkrar prufur og sögðust hafa ákveðið að fá mig í hlutverkið. Ég eiginlega bara missti andlitið."

Þessar gleðilegu upplýsingar fékk hún sama dag og hún var að fara að spila á Airwaves 2019.

„Ég var svo glöð, ég var alveg í ruglinu," segir hún og skellihlær.

Fór leynt með þátttökuna

Guðrún ákvað að segja engum frá gleðifregnunum, enda hvílir mikil leynd yfir verkefnum sem þessum.

„Ég hélt því leyndu alveg ótrúlega lengi. Ég fékk leyfi til að segja mömmu og pabba frá þessu. Það er svo í apríl 2020 sem Katla er fyrst tilkynnt. Þá birtist nafnið mitt, en þá fór ég samt ekkert strax að spangóla um það að ég væri í stóru hlutverki. Mér fannst eiginlega skemmtilegra að það kæmi svolítið á óvart."

Nafn Guðrúnar kom fram í fyrstu tilkynningu um leikara í þáttaröðinni.

„Ég held að margir hafi séð nafnið mitt og haldið að ég væri í litlu hlutverki. En kannski ekki neinn áttað sig á því að þetta væri svona mikið."

Hún segir þetta hafa komið fólkinu í kringum hana mjög á óvart.

„Og margir spurðu mig hvort ég hafi verið að leika, sem ég auðvitað svara neitandi," segir Guðrún hlæjandi. „Þetta er eitthvað sem kom á óvart og kemur í raun sjálfri mér mikið á óvart. Ég held að ég hafi ekki gert mér grein fyrir því sjálf hversu stórt þetta væri fyrr en við vorum byrjuð í tökum. Þá fattaði ég bæði stærðargráðu verkefnisins og líka hlutverksins, sem ég átti að gera góð skil," segir Guðrún Ýr, sem fer með hlutverk Grímu í þáttunum.

Sterkur karakter

„Hún býr í Vík í Mýrdal og hefur lent í alls konar áföllum í gegnum lífið. Svo byrja dularfullir hlutir að gerast og þættirnir sýna hvernig hún tekur á þeim. Gríma er flottur og sterkur kvenkarakter."

Guðrún viðurkennir að vera svolítið stressuð fyrir frumsýninguna í dag, en að sama skapi sé hún líka ótrúlega spennt.

„Það er svo erfitt að horfa á sjálfan sig og átta sig á því hvort eitthvað var flott eða ekki. Maður getur verið svo gagnrýninn á sjálfan sig. Svo erum við búin að vera í talsetningu, þegar það er mikið rok þá þarf kannski að talsetja hlutina upp á nýtt. Svo tala allir fyrir sitt hlutverk í ensku talsetningunni, en þetta er tekið upphaflega upp á íslensku," segir hún.

Hún segir það hafa verið sérstaklega gaman að fá að tilheyra hópi flottustu leikara landsins.

„Það var líka svo æðislegt að fá að vera partur af þessu af því maður lærir svo mikið af öðrum. Þá fékk ég tækifæri til að sjá hvað þau gerðu og unnu, líka bak við tjöldin. Þetta var rosalega lærdómsríkt ferli í alla staði, það er hægt að taka hvern einasta hlut, stúdera hann og læra af."

Katla er aðgengileg á Netflix frá og með deginum í dag. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

STERKARI FRAMTÍÐ

www.steypustodin.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

■ **Bakþankar**

Stefáns Ingvars Vigfússonar

Ég á grill

Ég á grill. Ég á grill alveg eins og pabbi minn og tengdapabbi minn, og mágur minn og báðir svilar mínir. Og ef ég býð vinum mínum í mat þá grilla ég, sama hvort sólin skín, hvort það rignir eða snjóar. Ég er jafn áreiðanlegur og bandaríska póstþjónustan. Ég fer í sandalana mína yfir sokkana og út í garð, Hófí, kærastan mín, réttir mér hráa matinn út um gluggann og ég henni grillaða matinn inn. Þetta finnst okkur sniðugt fyrirkomulag – við tölum oft um það. Svo stend ég þarna úti, á skyrtunni, í sandölunum, í snjónum og stari á grillið mitt. Alveg eins og pabbi minn í garðinum sínum í Vesturbænum, alveg eins og ég. Þegar nágranni minn sér mig grilla hlær hann kannski og kallar mig brattan. „Maður lætur eitthvað svona smotterí ekkert stoppa sig," segi ég. Hann kallar mig góðan og horfir aðeins á mig grilla. „Flott grill." „Takk."

Þetta var auðvitað aldrei planið, ekki þegar ég var unglingur. Ég ætlaði ekki að eiga garð í Vesturbænum eins og pabbi. Ég ætlaði ekki að grilla og fá matinn út um gluggann og tala um hversu sniðugt þetta system er eða segja að svona smotterí stoppi mig ekkert í því að grilla í snjónum á skyrtunni eða horfa á grillið með nágranna mínum eftir að hann kallar mig góðan. Þetta var auðvitað aldrei planið, ekki þegar ég var unglingur. Ég ætlaði ekki að búa í þægilegu fjölbýli, í fallegri götu, með garð sem við þurfum að fara að vinna í, tíu mínútur frá foreldrum mínum. Ég man ekki hvað planið var, það hefur drukknað í bottomless brönsum, steypujárnspönnum og streymisveitum. Þægindin gleypa draumana. Stundum reyni ég að rifja það upp, oft á kvöldin þegar ég get ekki valið á milli HBO og Netflix. Síðan skín sól og ég kveiki upp í grillinu mínu. Ég á grill. ■

MARKAÐURINN.IS

NÝR VETTVANGUR VIÐSKIPTALÍFSINS

Nýr og endurbættur markaðurinn.is er kominn í loftið með öllum helstu upplýsingum úr fjármálaheiminum.

- Gengi hlutabréfa í rauntíma
- Gengi gjaldmiðla
- Daglegar viðskiptafréttir
- Nýjasta tölublað Markaðarins

MARKAÐURINN

Hæ hó og jibbí græjur!
Sumarið er komið og þú finnur alla réttu fylgihlutina hjá Nova. Hvort sem það eru sumarstjörnurnar frá Samsung og Apple, renningarleg rafskúta eða ferðafélagar á folfvellina og í grillveisluna.
NOVA DÍLL
20% afsl.
Nova Folf diskósett 3.992 kr. ~~4.990 kr.~~
Frí heimsending
Power Rafskúta Zero 8 82.990 kr.
Austin and Barbeque Ferðagrill 14.990 kr.
Úrlausn frítt í 4 mán
eSIM
Apple Watch SE LTE 40mm 69.990 kr.
Samsung Galaxy A12 64GB 34.990 kr.
5G
Apple iPhone 12 Pro 128GB 199.990 kr.
5G
Kaup-auki
Samsung Galaxy S21 128GB 149.990 kr.
Galaxy Buds Pro Andvirði 44.990 kr.
www.nova.is
NOVA
STÆRSTI SKEMMTI STAÐUR HEIMI!

A NETFLIX SERIES

KATLA

STREAMING NOW | NETFLIX

Leyndarmálin afhjúpuð

A NETFLIX SERIES

KATLA

STREAMING NOW | NETFLIX